

# Ársskýrsla



LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS  
LÍFEYRISSJÓÐUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Efnisyfirlit

### Ársskýrsla LSR og LH

Starfsemi LSR og LH .....	2
Ávarp stjórnarformanns LSR .....	6
Stjórn LSR .....	7
Ávarp stjórnarformanns LH .....	8
Stjórn LH .....	9
Iðgjöld .....	10
Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur .....	12
Breytingar á fjölda lífeyrisþega 2002-2003 .....	18
Fjárfestingarstefna .....	19
Fjárfestingar .....	20
Verðbréfaeign .....	21
Þróun verðbréfaeignar .....	22
Ávöxtun .....	23
Sjóðfélagalán og lánaþingur .....	27
Séreign LSR .....	29
Tryggingafræðileg úttekt á LSR og LH .....	33
Uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum .....	40
Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar .....	41

### Samstæðuyfirlit LSR og LH 2003

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	46
Efnahagsreikningur .....	48
Sjóðstreymi .....	50

### Ársreikningur LSR 2003

Skýrsla stjórnar .....	54
Áritun endurskoðenda .....	57
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	58
Efnahagsreikningur .....	60
Sjóðstreymi .....	62
Sérgreint yfirlit um rekstur og fjárhag Séreignar .....	64
Skýringar .....	65
Kennitölur LSR .....	78
Kennitölur A-deildar .....	79
Kennitölur B-deildar .....	80
Kennitölur alþingismannadeildar .....	81
Kennitölur ráðherradeildar .....	81
Kennitölur Séreignar Leið I .....	82
Kennitölur Séreignar Leið II og Leið III .....	83

### Ársreikningur LH 2003

Skýrsla stjórnar .....	86
Áritun endurskoðenda .....	87
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	88
Efnahagsreikningur .....	89
Sjóðstreymi .....	90
Skýringar .....	91
Kennitölur .....	99

### Consolidated statement for LSR & LH 2003

Statement of changes in net assets available for benefits .....	102
Balance sheet .....	103
Statement of cash flows .....	104
Financial indicators - LSR .....	105
Financial indicators - LH .....	106
Appendix - LSR & LH .....	107

LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS  
LÍFEYRISSJÓÐUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA

# Ársskýrsla



## Starfsemi LSR og LH

Nafn	Deild/svið	Nafn	Deild/svið
(Fremsta röð frá vinstri)		(Aðrir frá vinstri)	
Ágústa Hrönn Gísladóttir	Séreign og kynningarmál, deildarstjóri	Gísli Sigurkarlsson	Lögfræðingur
Ásta Sigrún Karlsdóttir	Lánadeild og bakvinnsla	Leifur Magnússon	Forstöðumaður upplýsingatækni
Þorbjörg Guðnadóttir	Lánadeild og bakvinnsla, deildarstjóri	Albert Jónsson	Forstöðumaður eignastýringar
Ólöf Sigurjónsdóttir	Iðgjaldadeild	Haukur Hafsteinsson	Framkvæmdastjóri
Málfriður Ögmundsdóttir	Lánadeild	Róbert Aron Róbertsson	Eignastýring
Arnfríður Einarsdóttir	Iðgjaldadeild, deildarstjóri	Regína Bettý Hansdóttir	Iðgjaldadeild
Anna G. Jóhannsdóttir	Iðgjaldadeild	Barði Þórhallsson	Lögfræðingur
Erla Hannesdóttir	Símavarsla og móttaka	Auður Björgvinsdóttir	Lífeyrisdeild
Erna Guðmundsdóttir	Lánadeild	Kristín Dóra Kristjánsdóttir	Lánadeild
(Næstfremsta röð frá vinstri)		S. Valdís Jóhannesdóttir	Fjárreiðudeild
Þóra Björg Þorsteinsdóttir	Iðgjaldadeild	Kristín M. Kristjánsdóttir	Iðgjaldadeild
Elín Urður Hrafnberg	Lánadeild	Þórey Þórðardóttir	Forstöðumaður réttindamála
G. Vigdís Guðnadóttir	Lánadeild	Kristín Nielsen	Lífeyrisdeild
Íris Guðmundsdóttir	Iðgjaldadeild	Helga Guðmundsdóttir	Lífeyrisdeild, deildarstjóri
Ingibjörg Garðarsdóttir	Iðgjalda- og lífeyrisdeild	Þorkell Sigurgeirsson	Skrifstofu- og fjármálastjóri
Þórunn Berndsen	Mötuneyti	Sigrún Bragadóttir	Eignastýring
Anna S. Gunnarsdóttir	Fjárreiðudeild	Esther Sigurðardóttir	Eftirmannsregludeild
Páll Ólafsson	Eftirmannsreglu, deildarstjóri	(Á myndina vantar)	
		Ingibjörgu Thorarensen	Iðgjaldadeild (í barnseignarfrí)




**Starfsemi LSR og LH**

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfaði á árinu 2003 í fimm deildum, A-deild, B-deild, alþingismanna-deild, ráðherradeild og séreignardeild. Deildirnar lúta sömu stjórn en eru fjárhagslega sjálfstæðar.

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 er sameiginlegt rekstrarfélag LSR og LH og voru starfsmenn þess 32 í árslok

2003. Stöðugildi hjá sjóðunum voru 31,9 á síðasta ári og fjölgaði um tæplega tvö stöðugildi á milli ára.

Starfsemi Lífeyrissjóða Bankastræti 7 má skipta í sjö meginþætti; eignastýringu, iðgjaldadeild, lífeyrisdeild ásamt framkvæmd eftirmannsreglu, lánadeild, séreignar- og kynningarmál, fjárreiðudeild og yfirstjórn.



### Viðtaka Séreignar LSR

LSR hefur starfrækt séreignardeild frá ársbyrjun 1999. Rekstur hennar var frá upphafi í höndum Kaupþings hf., en undir lok ársins 2002 ákvað LSR að taka yfir reksturinn. Eignastýring og varsla séreignardeildar fluttist yfir til LSR í upphafi árs 2003 og í lok apríl sama ár var öll þjónusta við sjóðfélaga og launagreiðendur að fullu komin til LSR. Innleiðing og viðtaka Séreignar LSR gekk vel fyrir sig. Samhliða yfirfærslu á gögnum yfir til LSR voru verkferlar og þjónusta endurskoðuð með það að markmiði að veita persónulega og góða þjónustu við sjóðfélaga og launagreiðendur, ásamt öruggri stýringu eigna.

### Innleiðing nýrra tölvukerfa

Undir lok ársins 2002 gerðu LSR og LH samning við hugbúnaðarfyrirtækið Fugla ehf. og Íslandsbanka hf. um þróun og innleiðingu á tölvukerfinu Kríu sem er iðgjalda- og lífeyrisgreiðslukerfi. Kerfið var upphaflega smíðað fyrir lífeyrissjóði sem Íslandsbanki er með í rekstri og hefur verið í notkun frá árinu 1997. Á árinu 2003 var unnið að viðbótum og aðlögunum á Kríunni sem snéru að miklu leyti að réttindakerfi B-deildar LSR og LH sem og lífeyrisþætti kerfisins. Kríu var tekin í notkun í maí 2003 fyrir Séreign LSR og í apríl 2004 hófst samkeyrsla á Kríunni við eldra iðgjaldakerfi sjóðanna fyrir aðrar deildir LSR og

LH. Áætlanir gera ráð fyrir að kerfið verði tekið upp í áföngum á árinu 2004 og verði að fullu innleitt og aðlagð þörfum sjóðanna á árinu 2005. Ávinningur af nýja kerfinu felst meðal annars í aukinni sjálfvirkni og betra aðgengi að upplýsingum sem mun koma bæði starfsfólki og sjóðfélögum til góða í framtíðinni.

Þá er langt komin innleiðing á nýju verðbréfa- og eignastýringarkerfi fyrir sjóðina en í því eru framkvæmd öll verðbréfavíðskipti auk þess sem kerfið heldur utan um verðbréfaeignina. Úr kerfinu er jafnframt hægt að vinna greiningarupplýsingar sem munu nýtast eignastýringarsviði sjóðanna við ákvarðanir um fjárfestingar og stýringu eigna. Kerfið er nú þegar komið í fulla notkun en áætlað er að endanlegri innleiðingu og aðlögun þess verði lokið fyrir árslok.

### Sjóðfélagavefur LSR

Nýr sjóðfélagavefur LSR hefur verið opnaður á heimasíðu LSR, [www.lsr.is](http://www.lsr.is). Þar er hægt að skoða réttindi í Séreign LSR en síðar á árinu 2004 verður opnað fyrir vefaðgang að öðrum deildum LSR og LH. Með núverandi vefaðgangi geta sjóðfélagar séð daglega stöðu á inneign sinni í séreignarsparnaði, skoðað hreyfingar á völdu tímabili og fengið upplýsingar um ávöxtun. Þá geta sjóðfélagar,



sem hafa byrjað töku séreignarlífeyris, fylgst með lífeyrisgreiðslum. Í tengslum við nýtt tölvukerfi sjóðanna verður sjóðfélagavefurinn í stöðugri þróun með það að markmiði að auðvelda aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum um lífeyrismál sín. Þá munu sjóðfélagar geta nálgast rafræn umsóknareyðublöð, fært sig milli fjárfestingarleiða og breytt iðgjaldahlutfalli á séreignarsparnaði sínum. Jafnframt munu launagreiðendur hafa aðgang að greiðslustöðu sinni og öðrum tengdum upplýsingum á sérstökum launagreiðendavef.

Á núverandi vefsíðu LSR og LH geta sjóðfélagar og launagreiðendur nálgast lög og samþykktir sjóðanna, lánareglur og fengið upplýsingar um útreikning á lífeyri og iðgjaldi. Reglulega eru birtar fréttir um það sem efst er á baugi í starfsemi sjóðanna og í lífeyrismálum almennt. Á síðunni eru ýmsar reiknivélar þar sem hver og einn getur, miðað við eigin forsendur, áætlað útgreiðslu vegna séreignarsparnaðar, lífeyri úr A-deild eða greiðslubyrði lána. Þá er hægt að finna á vefsíðunni öll nauðsynleg umsóknareyðublöð.

#### **Stefnumótun sjóðanna**

Á síðasta ári lagði stjórn sjóðanna ásamt starfsmönnum þeirra lokahönd á heildstæða stefnumótun starfseminnar til næstu ára. Niðurstaða þeirrar vinnu

er birt á heimasíðu sjóðanna. Eins og þar kemur fram er megináhersla lögð á ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Jafnframt er lögð áhersla á að þjónusta sjóðanna sé til fyrirmyndar og að þeir hafi á hverjum tíma á að skipa öflugri upplýsingatækni. Þannig verði sjóðirnir traustir lífeyrissjóðir og sjóðfélögum örugg samfylgd.

#### **Lagabreyting hjá alþingismönnum og ráðherrum**

Með lögum nr. 141/2003, sem tóku gildi um síðustu áramót, voru alþingismanna- og ráðherradeild LSR lagðar niður í núverandi mynd og er ábyrgð á greiðslu eftirlauna til alþingismanna og ráðherra hjá ríkissjóði og að hluta til hjá A-deild LSR. Lagabreytingin fól í sér að alþingismenn og ráðherrar greiða nú iðgjald til A-deildar LSR sem nemur 5% af launum og munu fá greiddan lífeyri úr þeim sjóði í samræmi við áunnin réttindi sín hjá þeirri deild. Það sem á vantar að alþingismenn og ráðherrar nái fullum rétti samkvæmt nýju lögunum verður greitt úr ríkissjóði. Utanumhald um réttindi alþingismanna og ráðherra til eftirlauna verður áfram í höndum starfsfólks LSR.



## Ávarp stjórnarformanns LSR

Árið 2003 var eitt það besta í sögu LSR. Vegið meðaltal nafnávöxtunar hjá öllum deildum LSR var tæplega 14% sem svarar til þess að hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun að frádrögnum rekstrarkostnaði, hafi verið um 10,6%.

Í árslok 2003 voru samanlagðar eignir allra deilda LSR rúmlega 146 milljarðar króna og höfðu þær aukist um tæplega 26% frá árinu á undan. Hér er eingöngu miðað við eignir í vörslu sjóðsins en ekki teknar með kröfur sjóðsins á hendur launagreiðendum um greiðslu hluta af lífeyri í framtíðinni. Af verðbréfaeign sjóðsins eru um 69% í innlendum skuldabréfum, liðlega 11% í innlendum hlutabréfum og tæp 20% í erlendum hlutabréfum.

Í byrjun árs 1997 gengu í gildi ný lög um LSR. Fram til þess tíma starfaði sjóðurinn í einni deild, auk sérstakrar alþingismanna- og ráðherra-deildar. Sjóðurinn var að hluta til byggður á sjóðsöfnun, en að hluta til á gegnumstreymi. Ekki var við það miðað að sjóðurinn ætti eignir til að mæta öllum skuldbindingum. Þvert á móti var miðað við að ríkissjóður og aðrir launagreiðendur greiddu hluta af lífeyrisgreiðslum þegar þær féllu til.

Þessu kerfi var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í árslok 1996. Frá þeim tíma greiða allir nýir sjóðfélagar í A-deild LSR sem að fullu er byggð á sjóðsöfnun. Eldri sjóðfélagar, sem ekki kusu að færa sig yfir í A-deild, greiða nú iðgjöld til B-deildar, sem eftir sem áður er að hluta byggð á gegnumstreymi.

Frá árslokum 1996 hafa orðið miklar breytingar á öllum fjárhagslegum stærðum í rekstri sjóðsins. Eignir í árslok 1996 voru 31,5 milljarðar kr., en í árslok 2003 voru eignirnar rúmlega 146 milljarðar kr. Áfallin skuldbinding B-deildar var kringum 135 milljarðar kr. í árslok 1996, en 304 milljarðar kr. um síðustu áramót. Samanlögð skuldbinding allra deilda var um 138 milljarðar kr. í árslok 1996, en tæpir 339 milljarðar í árslok 2003. Lífeyrisgreiðslur námu 3,5 milljörðum kr. á árinu 1996, en 10,4 milljörðum kr. á síðasta ári. Ráðstöfunarfé til verðbréfakaupa var

2,3 milljarðar kr. á árinu 1996, en 25,8 milljarðar á árinu 2003.

Eignasamsetning hefur einnig breyst mjög mikið. Í árslok 1996 voru eignir sjóðsins einungis í innlendum skuldabréfum, og sem fyrr segir voru í árslok 2003 tæp 69% í innlendum skuldabréfum en liðlega 31% í innlendum og erlendum hlutabréfum.

Á síðasta ári vann stjórn sjóðsins ásamt starfsmönnum hans að stefnumótun starfseminnar til næstu ára. Niðurstaða þeirrar vinnu er birt á heimasíðu lífeyrissjóðsins. Eins og þar kemur fram er megináhersla lögð á ábyrga starfshætti LSR, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Jafnframt er lögð áhersla á að þjónusta sjóðsins sé til fyrirmyndar og að sjóðirnir hafi á hverjum tíma á að skipa öflugri upplýsingatækni. Þannig verður LSR traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

Með vaxandi eignum og auknu ráðstöfunarfé á undanförunum árum er LSR orðinn einn stærsti þátttakandi á innlendum fjármagnsmarkaði. Sem slíkur hefur sjóðurinn lagt áherslu á að vera staðfastur, traustur og varfærinn fjárfestir, með skýra fjárfestingarstefnu og framtíðarsýn. LSR er faglegur og virkur fjárfestir en óháður, þar sem fyrst og fremst er horft til ávöxtunar yfir lengri tíma og áhættudreifingar.

Stjórn LSR hefur markað sér þá stefnu að tilnefna ekki fulltrúa í stjórnir þeirra hlutafélaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Þessi stefna hefur reynst vel í framkvæmd. Það þýðir þó ekki að sjóðurinn sé hlutlaus hluthafi, þar sem áhersla er lögð á að forsvarsmenn sjóðsins, og þeir starfsmenn sem starfa við eignastýringu fyrir hans hönd, fundi reglulega með stjórnendum þeirra fyrirtækja, sem er að finna í eignasafni sjóðsins. Þannig kemur sjóðurinn sjónarmiðum sínum á framfæri jafnframt því að afla nauðsynlegra upplýsinga um þróun mála.

Árið 2003 var sjöunda starfsár A-deildar LSR og



voru eignir deildarinnar 35,4 milljarðar kr. um síðustu áramót. Samkvæmt lögum um A-deildina er iðgjald launagreiðenda breytilegt og ræðst af stöðu deildarinnar á hverjum tíma. Iðgjald sjóðfélaga er 4% af heildarlaunum og mótframlag launagreiðenda hefur frá upphafi verið 11,5% af sömu launum. Niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar gefa ekki tilefni til að breyta þessum hlutföllum.

Frá því A-deildin tók til starfa hafa komið nokkur ár

þar sem ástand á fjármálamörkuðum hefur verið erfitt. Þá liggja fyrir nýjar tryggingafræðilegar forsendur um lengri lífslíkur landsmanna. Engu að síður hefur verið hægt að halda iðgjaldinu óbreyttu. Það sýnir sterka stöðu deildarinnar nú og í nánustu framtíð að óbreyttu.

Fyrir hönd stjórnar LSR þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum ánægjulegt samstarf á árinu.

Marianna Jónasdóttir

## Stjórn LSR

Stjórn LSR er skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin tuttugu sinnum

saman til fundar á liðnu ári og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 747 stjórnarfundir. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn sjóðsins. Á árinu 2003 var Eiríkur Jónsson formaður stjórnar sjóðsins, en í ársbyrjun 2004 tók Marianna Jónasdóttir við formennskunni.



Standandi frá vinstri: Sigrún V. Ásgeirsdóttir, Gunnar Björnsson, Páll Halldórsson, Trausti Hermannsson.

Sitjandi frá vinstri: Haukur Hafsteinsson (framkvæmdastjóri LSR), Ögmundur Jónasson, Marianna Jónasdóttir, Eiríkur Jónsson, Birna Lárusdóttir.

## Ávarp stjórnarformanns LH

Ávöxtun LH var mjög góð á síðasta ári. Nafnávöxtun sjóðsins var 15,0% sem svarar til 11,8% hreinnar raunávöxtunar og er þessi útkoma sú besta í sögu sjóðsins. Þessi góði árangur skýrist af markvissri vinnu við eignastýringu samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins og hagstæðum aðstæðum á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum.

Heildareignir LH í árslok 2003 námu 12,9 milljörðum króna og skiptust þær þannig að tæplega 64% voru í innlendum skuldabréfum, rúm 14% í innlendum hlutabréfum og 22% í erlendum hlutabréfum.

Í fjárfestingarstefnu fyrir LH eru sett viðmið um hvernig eignasamsetning skuli vera í framtíðinni. Miðað er við að innlend skuldabréf verði 50% af eignum, erlend skuldabréf 5%, innlend hlutabréf 10% og erlend hlutabréf 35%. Eignasamsetning samkvæmt þessari fjárfestingarstefnu er nokkuð frábrugðin samsetningu eigna eins og hún er nú. Af varfærnisástæðum mun sjóðurinn taka sér góðan tíma í að breyta hlutfalli milli eignaflokka og er stefnt að því að þessi breyting verði yfirstaðin árið 2012. Með dreifðu eignasafni er leitast við að ná góðri ávöxtun samhliða því að takmarka áhættu eins og kostur er.

LH var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í árslok 1996. Frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á stærð sjóðsins. Eignir í árslok 1996 voru 3,9 milljarðar króna, en í árslok 2003 voru þær 12,9 milljarðar króna. Áfallin skuldbinding var 14,8 milljarðar króna í árslok 1996, en 33,8 milljarðar króna í árslok 2003. Þá námu lífeyrisgreiðslur 203 milljónum króna á árinu 1996, en 644 milljónum króna á síðasta ári.

Á árinu 2003 greiddu 864 sjóðfélagar iðgjald til LH og fækkaði þeim lítillega milli ára. Þá fengu 504 einstaklingar lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum, samtals að fjárhæð 644 milljónir króna. Alls voru 3.088 sjóðfélagar með skráð réttindi hjá sjóðnum um áramót og er það samanlagður fjöldi iðgjaldagreiðenda, lífeyrisþega og þeirra sem eiga geymd réttindi hjá sjóðnum, þ.e. eru hættir að greiða þangað iðgjald en ekki komnir á lífeyri.

Eins og segir hér að framan hefur LH verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Það munu því ekki bætast nýir sjóðfélagar í hóp þeirra sem fyrir eru. Þeir sem greiða nú iðgjald til sjóðsins geta hins vegar haldið áfram iðgjaldagreiðslum svo lengi sem þeir vinna hjúkrunarstörf. Nýráðnir hjúkrunarfræðingar greiða nú iðgjald til A-deildar LSR.

Mikið samstarf hefur alla tíð verið með LH og LSR. Sjóðirnir eru með sameiginlega skrifstofu og sameiginlegt starfsmannahald. Tölvukerfi eru öll samnýtt og verðbréfavíðskipti eru yfirleitt gerð sameiginlega fyrir LH og LSR undir heiti sameiginlegs rekstrarfélags sjóðanna, Lífeyrissjóða Bankastræti 7. Samstarfið hefur í alla staði gengið vel og verið hagkvæmt fyrir báða sjóðina.

Fyrir hönd stjórnar LH þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum góð samskipti á árinu.

Ásta Möller

## Stjórn LH

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er skipuð fjórum mönnum. Fjármálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Alls kom stjórnin tólf sinnum saman til fundar á liðnu ári og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir

223 stjórnarfundir. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn sjóðsins. Á árinu 2003 var Marianna Jónasdóttir formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2004 tók Ásta Möller við formennskunni.




Frá vinstri: Haukur Hafsteinsson (framkvæmdastjóri LH), Elsa B. Friðfinnsdóttir, Ásta Möller, Marianna Jónasdóttir, Jóhannes Pálmason.

## Iðgjöld

Á árinu 2003 námu iðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningum til allra deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga 10.471 millj. kr. Iðgjaldatekjur jukust um 887 millj. kr. á árinu 2003 eða sem nemur 9,3% hækkun milli ára. Þessi hækkun er fyrst og fremst vegna fjölgunar sjóðfélaga sem greiða til A-deildar LSR og vegna breytinga á launum milli ára. Rúmlega 69% af iðgjaldagreiðslum ársins fóru til A-deildar LSR, en iðgjöld hennar hækkuðu um 13,6% milli ára. Iðgjöld til B-deildar LSR og LH voru nánast óbreytt frá fyrra ári þrátt fyrir að greiðandi sjóðfélögum fækkaði. Iðgjöld á hvern virkan sjóðfélaga hækkuðu að meðaltali um 6,4% hjá B-deild LSR sem skýrist af almennum hækkunum á dagvinnulaunum milli ára. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR voru 623 millj. kr. á árinu 2003 og hækkuðu um 1,4% milli ára.

### Skipting iðgjalda 2003



Iðgjald til B-deildar LSR, alþingismannadeildar, ráðherradeildar og LH er 10% af dagvinnulaunum, vaktaálagi, desemberuppbót og orlofsuppbót.

Hjá A-deild LSR er iðgjald aftur á móti 15,5% af heildarlaunum. Sjóðfélaginn borgar í öllum tilfellum 4% iðgjald af þeim launum sem skylt er að greiða af. Iðgjald til séreignardeildar LSR er háð ákvörðun sjóðfélagsins en mótframlag launagreiðanda gat numið allt að 2,4% af iðgjaldastofni á árinu 2003.


Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 30.542 á árinu 2003 og jókst samtals um 2,3% milli ára. Gera má ráð fyrir að flestir sjóðfélagar í Séreign LSR greiði einnig í aðra sjóði LSR eða LH. Auk þess er sjóðfélögum í B-deild LSR og LH í ákveðnum tilvikum heimilt að greiða af aukastörfum til A-deildar LSR. Þróun á fjölda greiðandi sjóðfélaga er afar ólík eftir deildum sem skýrist af því að B-deild LSR og LH hafa verið lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum síðastliðin 7 ár. A-deild LSR tekur við öllum nýjum sjóðfélögum sem hefðu annars greitt í þá sjóði. Virkir sjóðfélagar hjá A-deild LSR voru 1.266 fleiri en árið áður og fjölgaði þeim um 7,8% milli ára. Virkum sjóðfélögum B-deildar LSR fækkaði hins vegar um 546 milli ára eða sem nemur 5,9%. Samanlagður fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald einhvern tímann á árinu 2003 var 35.118 og jókst um 1,2% milli ára. Í töflu á næstu síðu má sjá virka og greiðandi sjóðfélaga á árunum 2003 og 2002 ásamt fjölda þeirra sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 2003.

Meðalaldur sjóðfélaga er ólíkur milli sjóða og deilda. Í árslok 2003 var meðalaldur þeirra sem greiddu iðgjöld til B-deildar LSR 54 ár og voru 57% þeirra konur en 43% karlar. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í A-deild


### Iðgjöld

(Í m.kr.)	2003	2002	Breyting	Breyting pr. virkan sjóðfélaga
A-deild LSR	7.236,1	6.370,6	13,6%	5,4%
B-deild LSR	2.346,5	2.345,1	0,1%	6,4%
Lífsj. alþingismanna	37,0	26,9	37,5%	22,7%
Lífsj. ráðherra	5,1	4,2	23,1%	21,5%
Séreign LSR	623,1	614,7	1,4%	2,0%
Lífsj. hjúkr.fræðinga	223,2	222,4	0,4%	3,0%
Samtals	10.471,1	9.584,0	9,3%	

**Lögbundin iðgjöld - LSR og LH**  
(á verðlagi ársins 2003)



**Meðalföldi virkra sjóðfélaga - LSR og LH**



LSR var hins vegar 39 ár og voru 72% þeirra konur en 28% karlar. Þetta má sjá nánar í töflunni hér á síðunni.

LSR. Nánar er fjallað um þessi atriði í köflum um uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum og tryggingafræðilega úttekt á sjóðunum.

**Viðbótariðgjöld**

Til viðbótar við lögbundin iðgjöld til sjóðanna hafa ýmsir launagreiðendur greitt viðbótariðgjöld sem innborgun upp í skuldbindingar sínar við B-deild LSR, lífeyrissjóði alþingismanna, ráðherra og hjúkrunarfræðinga. Ríkissjóður hélt áfram að greiða aukaiðgjöld inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH á árinu. Nokkrir launagreiðendur gerðu jafnframt upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild

**Greiðandi sjóðfélagar í desember 2003**

	Karlar	Konur	Meðalaldur
A-deild LSR	28%	72%	39
B-deild LSR	43%	57%	54
Lífsj. alþingismanna	71%	29%	49
Lífsj. ráðherra	83%	17%	53
Séreign LSR	37%	63%	51
Lífsj. hjúkr.fræðinga	1%	99%	53

**Sjóðfélagar**

	Meðalföldi virkra sjóðfélaga			Greiðandi sjóðfélagar			Með réttindi 31.12.2003
	2003	2002	Breyting	2003	2002	Breyting	
A-deild LSR	17.462	16.196	7,8%	21.264	20.063	6,0%	31.402
B-deild LSR	8.678	9.225	-5,9%	9.049	9.605	-5,8%	40.319
Lífsj. alþingismanna	75	67	12,1%	99	87	13,8%	507
Lífsj. ráðherra	13	13	1,3%	14	13	7,7%	61
Séreign LSR	3.478	3.500	-0,6%	3.828	4.019	-4,8%	4.514
Lífsj. hjúkr.fræðinga	835	858	-2,6%	864	904	-4,4%	3.088
<b>Samtals</b>	<b>30.542</b>	<b>29.859</b>	<b>2,3%</b>	<b>35.118</b>	<b>34.691</b>	<b>1,2%</b>	<b>79.891</b>

## Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Samanlagður fjöldi lífeyrisþega úr öllum deildum LSR og LH á árinu 2003 var 10.618. Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna nam 11.066 millj. kr. en þar af voru greiðslur úr B-deild LSR tæpt 91% af greiðslum sjóðanna eða 10.021 millj. kr. Lífeyrisþegum fjölgaði í heild um 6,4% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 13,9%. Meðalfjárhæð lífeyris hækkaði í heild um 7,1%. Til samanburðar hækkaði launa-vísitala opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu um 6,1% milli meðaltals árána 2002 og 2003 en 99% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna þróast í takt við dagvinnulaun.

Af greiðslum til lífeyrisþega á árinu fengu 468 greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Þá fengu 300 lífeyrisþegar hjá LSR greiðslur úr tveimur deildum og 25 úr þremur. Af lífeyrisþegum hjá LH fengu 77 einnig lífeyrisgreiðslur frá LSR. Loks fengu 65 greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar en þar af var 51 með eingreiðslu. Fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru með þeim hætti að fá lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris eða greiðslur frá fleiri en einum sjóði er hann talinn oftast en einu sinni.

### Lífeyrisréttindi og lífeyrisviðmið

Í B-deild LSR og LH miðast réttindi sjóðfélaga við þann tíma sem viðkomandi hefur greitt í sjóðinn, ásamt starfshlutfalli. Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok eða í ákveðnum tilvikum af launum vegna 10 ára í hærra launuðu starfi. Eftir það taka lífeyrisgreiðslur mið af dagvinnulaunum eftirmanns í starfi eða breytingum sem verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, samkvæmt svokallaðri meðaltalsreglu.

Hækkanir á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna koma því beint fram í lífeyrisréttindum sjóðfélaga, hvort sem er að ræða greiðslur til núverandi lífeyrisþega eða réttindi annarra sjóðfélaga sem eiga eftir að hefja töku lífeyris. Sú vísitala sem mælir hækkanir á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hækkaði um 4,7% á árinu 2003.

A-deild LSR er stigastjóður þar sem sjóðfélagar fá réttindi í hlutfalli við þau iðgjöld sem greidd eru vegna þeirra til sjóðsins og er því frábrugðinn öðrum sjóðum LSR og LH. Réttindin eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs. Við stofnun sjóðsins var reiknað út að lögbundið iðgjald til hans þyrfti að vera 15,5% af heildarlaunum til að standa undir veittum lífeyrisréttindum. Iðgjaldaprósenta hefur haldist óbreytt frá stofnun sjóðsins.


### Eftirmanns- og meðaltalsregla

Með lagabreytingum sem tóku gildi í byrjun árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild LSR og LH valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðalbreytingum sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Eingöngu þeir sjóðfélagar sem fara á lífeyri í beinu framhaldi af starfi hafa val milli meðaltals- og eftirmannsreglu. Lífeyrisgreiðslur annarra taka breytingum samkvæmt meðaltalsreglu og sama gildir um þá sem eiga áframhaldandi aðild að B-deild LSR og LH eftir að staða þeirra hjá opinberum launagreiðanda hefur verið lögð niður. Þeir sem fluttu sig yfir í A-deild eiga geymdan rétt í B-deild LSR eða LH. Lífeyrir vegna geymdra réttinda er greiddur samkvæmt meðaltalsreglu.

### LSR og LH

	Lífeyrisgreiðslur í m.kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr.		
	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.
A-deild LSR	113,9	77,0	47,9%	335	234	43,2%	340,0	329,1	3,3%
B-deild LSR	10.021,0	8.820,8	13,6%	9.495	8.987	5,7%	1.055,4	981,5	7,5%
Lífsj. alþingismanna	231,8	195,5	18,5%	188	183	2,7%	1.233,0	1.068,5	15,4%
Lífsj. ráðherra	36,9	30,4	21,4%	31	28	10,7%	1.189,8	1.085,2	9,6%
Séreign LSR	17,8	17,3	2,9%	65	68	-4,4%	273,4	253,9	7,7%
Lífsj. hjúkr.fræðinga	644,4	574,4	12,2%	504	482	4,6%	1.278,5	1.191,7	7,3%
Samtals	11.065,8	9.715,4	13,9%	10.618	9.982	6,4%	1.042,2	973,3	7,1%

**Skipting lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum 2003**




Miðað við lífeyrisgreiðslur í desember 2003 fengu rúmlega 50% lífeyrisþega greiddan lífeyri frá B-deild LSR samkvæmt meðaltalsreglu en 18,2% lífeyrisþega hjá LH. Hér að neðan má sjá þróun á hlutfalli milli meðaltals- og eftirmannsreglu hjá lífeyrisþegum B-deildar LSR og LH frá því að meðaltalsreglan var tekin upp. Segja má að þeir lífeyrisþegar sem fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu setji ekki öll eggin í sömu körfuna, því lífeyrir þeirra tekur breytingum sem verða að meðaltali á dagvinnulaunum hjá öllum opinberum starfsmönnum, í stað þess að þeir einskorði sig við ákveðinn eftirmann eða kjarasamning. Hlutfallslega færri sjóðfélagar fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu hjá LH og

skýrist það m.a. af því að þar eru hlutfallslega færri komnir á lífeyri af geymdum rétti auk þess sem það virðist vera ríkara í hjúkrunarfræðingum að miða sig við starfsstétt sína frekar en opinbera starfsmenn almennt.


**Skipting lífeyrisgreiðslna eftir tegundum lífeyris**

Samsetning lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum er nokkuð ólík milli deilda sjóðanna. Skiptingin er meðal annars háð reglum sjóðanna hvað varðar einstakar tegundir lífeyris og því hve langan tíma sjóðirnir hafa tekið á móti iðgjöldum. Þá er mismunandi vægi lífeyristegunda einnig háð kyni og aldri sjóðfélaganna.

**Lífeyrisgreiðslur úr B-deild LSR í desember, flokkaðar eftir útgreiðslureglu**




**Lífeyrisgreiðslur úr LH í desember, flokkaðar eftir útgreiðslureglu**




**Lífeyrisgreiðslur - LSR og LH**


(á verðlagi ársins 2003)



**Meðalfjöldi lífeyrisþega - LSR og LH**



## Skipting lífeyrisgreiðslna A-deildar LSR 2003



## A-deild LSR

Á árinu 2003 fengu 335 lífeyrisþegar greiðslur úr A-deild LSR, samtals að fjárhæð 114 millj. kr. Sé miðað við fjölda greiðandi sjóðfélaga er um lága fjárhæð að ræða enda hefur sjóðurinn einungis starfað í skamman tíma. Við útreikning ellilífeyris er miðað við áunnin réttindi, en við örorku njóta sjóðfélagar framreiknings eins og þeir hefðu áunnið sér réttindi til ellilífeyrisaldurs. Þetta skýrir hátt hlutfall örorkulífeyris hjá sjóðnum. Auk þess eru sjóðfélagar ungir að árum, en meðalaldur þeirra sem áttu réttindi í árslok 2003 var 38 ár. Réttindi þeirra sem fluttu sig úr B-deild LSR og LH yfir í A-deild urðu eftir í þeim sjóðum og eru verðtryggð með launavísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins í árslok 2003 var 55 ár og var 71% af þeim konur en 29% karlar.

Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 78,3% til greiðslu örorkulífeyris, 13,6% í ellilífeyri, 5,5% í makalífeyri og 2,3% í barnalífeyri. Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 43,2% á árinu 2003, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 47,9%. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skífuriti.

Réttur til töku ellilífeyris í A-deild er ekki háður starfslokum heldur er þar almenn heimild til að hefja töku lífeyris milli 60 og 70 ára aldurs. Sá sem hefur töku lífeyris við 65 ára aldur fær lífeyrisgreiðslur í samræmi við áunnin stig. Ef töku lífeyris er frestað eftir að 65 ára aldri er náð hækkan upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,75% fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku er frestað eða um 9% fyrir hvert ár. Ef taka lífeyris hefst hins vegar fyrir 65 ára aldurinn lækkar áunninn

lífeyrisréttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á að 65 ára aldri sé náð eða um 6% fyrir hvert ár.

## B-deild LSR

Á árinu 2003 fengu 9.495 lífeyrisþegar greiðslur úr B-deild LSR, samtals að fjárhæð 10.021 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 72 ár í árslok 2003 og voru 62% af þeim konur en 38% karlar. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 74% til greiðslu ellilífeyris, 21,7% í makalífeyri, 4,2% í örorkulífeyri og 0,1% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í töflu og skífuriti hér á næstu síðu.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 5,7% á árinu 2003, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 13,6%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna eykst hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækkan dagvinnulauna milli ára. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2003 var 1.055 þúsund kr. en var 982 þúsund kr. árið áður og hækkaði um 7,5% milli ára.


Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega í B-deild LSR var 38,9% í desember 2003. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er þannig um

## A-deild LSR

	Lífeyrisgreiðslur í m.kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr.		
	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.
Ellilífeyrir	15,8	7,4	113,4%	132	80	65,0%	119,9	92,7	29,3%
Örorkulífeyrir	89,2	60,3	47,9%	154	110	40,0%	579,1	548,0	5,7%
Makalífeyrir	6,3	5,4	15,8%	25	19	31,6%	252,5	286,8	-12,0%
Barnalífeyrir	2,6	3,9	-32,6%	24	25	-4,0%	108,2	154,1	-29,8%
Samtals	113,9	77,0	47,9%	335	234	43,2%	340,0	329,1	3,3%



**Skipting lífeyrisgreiðslna B-deildar LSR 2003**



tæplega 19 og hálfis árs vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 91 þúsund kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru 209 þúsund kr.

Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 2.338 kr. eða sem svarar til tæplega 234 þúsund kr. meðalviðmiðunarlauna. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru hins vegar lægri eða 209 þúsund kr. Almennt má því segja að fylgni sé á milli hækkandi réttindaprósentu og hækkandi viðmiðunarlauna. Vakin er athygli á því að ofangreindar tölur eru meðaltöl og lækka því lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2003 næmu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga 165 þúsund kr. á mánuði.

endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Samkvæmt lögum sjóðsins endurgreiða launagreiðendur þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum á árinu 2003 var 58,5%, en var 55,6% árið áður. Því lengur sem lífeyrisþegi hefur verið á lífeyri, því lægra er hlutfall sjóðsins þar sem uppsafnaðar launahækkningar eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Hluttur sjóðsins hækkar hins vegar ef úrskurðaðir lífeyrisþegar eru fleiri en brottfallnir, miðað við óbreytt laun og jöfn réttindi. Nýir lífeyrisúrskurðir voru rúmlega helmingi fleiri en brottfallnir lífeyrisúrskurðir. Geri launagreiðandi upp skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum fellur innheimta lífeyrishækkana niður.

Af þeim 10.021 millj. kr. sem greiddar voru í lífeyri úr B-deild LSR á síðasta ári fékk sjóðurinn 4.163 millj. kr.

**B-deild LSR**

	Lífeyrisgreiðslur í m.kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr.		
	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.
Ellilífeyrir	7.415,3	6.421,9	15,5%	6.203	5.826	6,5%	1.195,4	1.102,3	8,5%
Örorkulífeyrir	417,0	365,2	14,2%	990	913	8,4%	421,2	400,0	5,3%
Makalífeyrir	2.179,0	2.023,9	7,7%	2.122	2.059	3,1%	1.026,8	983,0	4,5%
Barnalífeyrir	9,9	9,7	1,1%	180	189	-4,8%	54,8	51,6	6,2%
Samtals	10.021,0	8.820,8	13,6%	9.495	8.987	5,7%	1.055,4	981,5	7,5%


**Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2003 hjá B-deild LSR**

	Meðal- réttindi	Meðal- fjárhæð	Meðal- viðmiðunarlaun	Meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent
Ellilífeyrir	42,87%	101.059	211.190	2.357
Makalífeyrir	36,44%	87.105	224.271	2.390
Örorkulífeyrir	18,23%	33.347	166.051	1.829
Meðaltal	38,90%	90.949	209.388	2.338

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2003 án persónuuppþótar.

**Lífeyrissjóður alþingismanna**

Á árinu 2003 fengu 188 lífeyrisþegar greiðslur úr Lífeyrissjóði alþingismanna, samtals að fjárhæð 232 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 76 ár í árslok 2003 og voru 47% af þeim konur en 53% karlar. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 59,4% til greiðslu ellilífeyris, 40,1% í makalífeyri, 0,4% í örorkulífeyri og 0,1% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skifuriti.


**Skipting lífeyrisgreiðslna Lsj. alþm. 2003****Lífeyrissjóður alþingismanna**

	Lífeyrisgreiðslur í m.kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr.		
	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.
Ellilífeyrir	137,8	108,3	27,2%	109	100	9,0%	1.264,2	1.083,3	16,7%
Örorkulífeyrir	0,9	5,0	-82,7%	5	5	0,0%	172,8	999,2	-82,7%
Makalífeyrir	93,0	81,9	13,5%	72	75	-4,0%	1.291,2	1.092,3	18,2%
Barnalífeyrir	0,2	0,3	-40,2%	2	3	-33,3%	89,5	99,7	-10,3%
Samtals	231,8	195,5	18,5%	188	183	2,7%	1.233,0	1.068,5	15,4%

16


**Lífeyrissjóður ráðherra**

Á árinu 2003 fékk 31 lífeyrisþegi greiðslur úr Lífeyrissjóði ráðherra, samtals að fjárhæð 37 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 77 ár í árslok 2003 og voru 69% af þeim karlar en 31% konur. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 63,1% til greiðslu ellilífeyris og 36,9% í makalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skifuriti.

**Skipting lífeyrisgreiðslna Lsj. ráðh. 2003****Lífeyrissjóður ráðherra**

	Lífeyrisgreiðslur í m.kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr.		
	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.
Ellilífeyrir	23,3	19,6	19,0%	22	19	15,8%	1.057,6	1.029,2	2,8%
Makalífeyrir	13,6	10,8	25,7%	9	9	0,0%	1.512,9	1.203,4	25,7%
Samtals	36,9	30,4	21,4%	31	28	10,7%	1.189,8	1.085,2	9,6%

**Skipting lífeyrisgreiðslna LH 2003**



**Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga**

Á árinu 2003 fengu 504 lífeyrisþegar greiðslur frá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, samtals að fjárhæð 644 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 70 ár í árslok 2003 og voru 96% af þeim konur en 4% karlar. Af lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu 2003 fóru 88,3% til greiðslu ellilífeyris, 9,2% í örorkulífeyri, 2,3% í makalífeyri og 0,2% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skífuriti.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 4,6% á árinu 2003, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 12,2%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna eykst hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækkingu dagvinnulauna milli ára. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2003 var 1.279 þús. kr. en var 1.192 þús. kr. árið áður og hækkaði um 7,3% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hjá LH var 48,0% í desember 2003. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er þannig um 24 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 111 þúsund kr., en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru tæplega 226 þúsund kr.

Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við

réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 2.314 kr., eða sem samsvarar rúmlega 231 þúsund kr. meðallaunum. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris hins vegar aðeins lægri eða tæplega 226 þúsund kr. Almennt má segja að því hærrí sem réttindaprósenta sjóðfélagsins er, því líklegra sé að viðmiðunarlaun hans til greiðslu lífeyris séu hærrí en að meðaltali hjá sjóðnum. Vakin er athygli á því að ofangreindar tölur eru meðaltöl og lækka því lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2003 næmu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga rúmlega 166 þúsund kr. á mánuði.

Af þeim 644 millj. kr. sem greiddar voru í lífeyri úr LH á síðasta ári fékk sjóðurinn 294 millj. kr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum ársins var því 54,4%, en það var 53,1% árið áður. Nýir lífeyrisúrskurðir voru rúmlega helmingi fleiri en brottfallnir lífeyrisúrskurðir. Sjóðurinn greiðir að öllu leyti fjárhæð lífeyris vegna nýrra lífeyrisþega en launagreiðendur greiða allar hækkningar sem verða á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna.

**Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2003 hjá LH**

	Meðal- réttindi	Meðal- fjárhæð	Meðal- viðmiðunarlaun	Meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent
Ellilífeyrir	51,39%	121.984	232.839	2.374
Makalífeyrir	35,49%	83.999	228.347	2.367
Örorkulífeyrir	33,25%	60.836	189.073	1.829
Meðaltal	47,99%	111.041	225.747	2.314

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna ellí-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2003 án persónuuppbótar.

**Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga**

	Lífeyrisgreiðslur í m.kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr.		
	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.	2003	2002	Breyt.
Ellilífeyrir	568,9	506,6	12,3%	388	365	6,3%	1.466,1	1.388,1	5,6%
Örorkulífeyrir	59,3	55,0	7,7%	78	79	-1,3%	760,1	696,5	9,1%
Makalífeyrir	15,1	11,7	29,6%	15	14	7,1%	1.007,4	832,8	21,0%
Barnalífeyrir	1,1	1,1	3,5%	23	24	-4,2%	48,4	44,8	8,0%
Samtals	644,4	574,4	12,2%	504	482	4,6%	1.278,5	1.191,7	7,3%

## Breytingar á fjölda lífeyrisþega 2002-2003

Lífeyrisþegar	Fjöldi	Nýir	Út af	Fjöldi	Breyting
A-deild LSR	2002	úrskurðir	lífeyri	2003	
Ellilífeyrir	80	53	1	132	52
Örorkulífeyrir	110	54	10	154	44
Makalífeyrir	19	6	0	25	6
Barnalífeyrir	25	3	4	24	-1
Samtals	234	116	15	335	101

Lífeyrisþegar	Fjöldi	Nýir	Út af	Fjöldi	Breyting
B-deild LSR	2002	úrskurðir	lífeyri	2003	
Ellilífeyrir	5.826	578	201	6.203	377
Örorkulífeyrir	913	158	81	990	77
Makalífeyrir	2.059	137	74	2.122	63
Barnalífeyrir	189	10	19	180	-9
Samtals	8.987	883	375	9.495	508

Lífeyrisþegar	Fjöldi	Nýir	Út af	Fjöldi	Breyting
Lsj. alþingismanna	2002	úrskurðir	lífeyri	2003	
Ellilífeyrir	100	12	3	109	9
Örorkulífeyrir	5	0	0	5	0
Makalífeyrir	75	2	5	72	-3
Barnalífeyrir	3	0	1	2	-1
Samtals	183	14	9	188	5

Lífeyrisþegar	Fjöldi	Nýir	Út af	Fjöldi	Breyting
Lsj. ráðherra	2002	úrskurðir	lífeyri	2003	
Ellilífeyrir	19	3	0	22	3
Makalífeyrir	9	1	1	9	0
Samtals	28	4	1	31	3

Lífeyrisþegar	Fjöldi	Nýir	Út af	Fjöldi	Breyting
Lsj. hjúkr.fræðinga	2002	úrskurðir	lífeyri	2003	
Ellilífeyrir	365	29	6	388	23
Örorkulífeyrir	79	7	8	78	-1
Makalífeyrir	14	1	0	15	1
Barnalífeyrir	24	1	2	23	-1
Samtals	482	38	16	504	22

Lífeyrisþegar	Fjöldi	Nýir	Út af	Fjöldi	Breyting
LSR + LH samtals	2002	úrskurðir	lífeyri	2003	
Ellilífeyrir	6.390	675	211	6.854	464
Örorkulífeyrir	1.107	219	99	1.227	120
Makalífeyrir	2.176	147	80	2.243	67
Barnalífeyrir	241	14	26	229	-12
Samtals	9.914	1.055	416	10.553	639

## Fjárfestingarstefna


Í fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðanna. Þær miða að því að tryggja góða ávöxtun en jafnframt að takmarka áhættu sem kostur er. Markmiði þessu verði náð með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram mótaðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og að vanda til allra ákvarðana um fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðanna. Stjórnir LSR og LH endurskoða fjárfestingarstefnu sjóðanna eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Við þá endurskoðun er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum, breytinga sem orðið hafa á umhverfi lífeyrissjóðanna og annarra ytri skilyrða sem áhrif hafa á rekstur og starfsumhverfi sjóðanna. Í fjárfestingarstefnunni eru sett markmið um eignasamsetningu sjóðanna og áætlað að þeim skuli náð í árslok 2012.

Séreign LSR er skipt í þrjár fjárfestingarleiðir. Leið I fjárfestir 35-50% í hlutabréfum og 50-65% í skuldabréfum, Leið II fjárfestir 10-25% í hlutabréfum og 75-90% í skuldabréfum og Leið III er bundinn verðtryggður innlánsreikningur. Jafnframt er hægt að velja svokallaða Sér-leið þar sem inneign flyst sjálfkrafa milli Leiða I-III eftir aldri réttthafa.

### Áætluð eignasamsetning í árslok 2012

Við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu á verðbréfasöfnum sjóðanna eru eftirfarandi viðmið höfð um skiptingu eigna þannig að eignarhluti í einstökum verðbréfaflokkum geti verið á bilinu:

### Áætluð eignasamsetning í árslok 2012



### Skuldabréf 50-65%

*Ríkistryggð bréf 15-30%:* Skuldabréf útgefin af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, húsnæðisbréf og húsbref.

*Skuldabréf sveitarfélaga 2-10%:* Skuldabréf útgefin af sveitarfélögum, með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu, eða með ábyrgð þeirra.

*Skuldabréf lánastofnana 2-10%:* Skuldabréf útgefin af bönkum og sparisjóðum, eignarleigufyrirtækjum, fjárfestingarlánasjóðum og stofnlánasjóðum atvinnuveganna enda starfi þau samkvæmt lögum og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

*Skuldabréf fyrirtækja 2-8%:* Skuldabréf stærri fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, aðallega skuldabréf fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

*Veðskuldabréf 10-30%:* Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum, bundin þeim takmörkunum að veðhlutfall fari ekki yfir 55% af markaðsvirði viðkomandi eignar eða 65% af fasteignamati. Strangari reglur gilda um sérhæft atvinnuhúsnæði.

*Erlend skuldabréf 0-5%:* Skuldabréf í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði.

### Hlutabréf 35-50%

*Innlend hlutabréf 5-15%:* Innlend hlutabréf í fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Miðað er við að vægi óskráðra fyrirtækja verði ekki hærra en 10% af innlendri hlutabréfaeign sjóðanna á hverjum tíma.


*Erlend hlutabréf 30-40%:* Hlutabréfasjóðir eða sérgreind hlutabréfasöfn í hlutafélögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Til samstarfs um ávöxtun og fjárstýringu er miðað við að velja fjóra eða fleiri ótengda og óháða aðila.

## Fjárfestingar

Á liðnu ári ráðstöfuðu Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, að teknu tilliti til seldra verðbréfa, samanlagt tæpum 28,0 milljörðum kr. til lánveitinga og verðbréfakaupa. Alls voru keypt skuldabréf fyrir 19,7 milljarða og hlutabréf fyrir 8,2 milljarða. Sundurliðun fjárfestinga A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR á árinu 2003 má sjá í meðfylgjandi töflu og mynd.

Aukning varð á fjárfestingum í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum en minna var fjárfest í innlendum hlutabréfum en árið áður. Hlutfall hlutabréfa í nettófjárfestingum var 29,5% á árinu 2003 samanborið við 42,8% árið áður. Hlutfall erlendra hlutabréfa í nettófjárfestingum var 39,1% á árinu en nettósala innlendra hlutabréfa var 9,6%. Hlutfall skuldabréfa í heildarfjárfestingum jókst milli ára úr 57,2% í 70,5% á árinu 2003. Minni eftirspurn var eftir sjóðfélagalánum á árinu og drógust lánveitingar lítillega saman milli ára, úr 4,2 milljörðum kr. í 4,0 milljarða eða um 5,1%.

Fjárfestingar LSR og LH 2003



### Nettófjárfestingar 2003

(m.kr)


	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals	Hlutföll					
							A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals
Ríkistryggð bréf	1.851	3.732	316	5.899	722	6.621	19,2%	24,0%	46,6%	22,8%	34,2%	23,7%
Skuldabréf lánastofnana	806	1.254	15	2.075	113	2.188	8,3%	8,1%	2,2%	8,0%	5,4%	7,8%
Skuldabréf sveitarfélaga	878	2.414	25	3.317	220	3.537	9,1%	15,5%	3,7%	12,8%	10,4%	12,6%
Skuldabréf fyrirtækja	1.083	2.008	86	3.177	217	3.394	11,2%	12,9%	12,7%	12,3%	10,3%	12,1%
Veðskuldabréf	-188	-188	0	-376	0	-376	-1,9%	-1,2%	0,0%	-1,5%	0,0%	-1,3%
Sjóðfélagalán	1.335	2.477	0	3.812	202	4.015	13,8%	16,0%	0,0%	14,7%	9,6%	14,4%
Erlend skuldabréf	140	175	0	315	32	347	1,5%	1,1%	0,0%	1,2%	1,5%	1,2%
Skuldabréf	5.905	11.872	442	18.219	1.506	19.726	61,2%	76,5%	65,2%	70,5%	71,4%	70,5%
Innlend hlutabréf	-548	-1.866	-11	-2.426	-270	-2.696	-5,7%	-12,0%	-1,6%	-9,4%	-12,8%	-9,6%
Erlend hlutabréf	4.298	5.522	247	10.067	875	10.942	44,5%	35,6%	36,4%	38,9%	41,4%	39,1%
Hlutabréf	3.750	3.656	236	7.641	605	8.246	38,8%	23,5%	34,8%	29,5%	28,6%	29,5%
Fjárfestingar alls	9.655	15.528	678	25.860	2.111	27.972	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

## Verðbréfaeign


Heildarverðbréfaeign sjóðanna nam 157,7 milljörðum kr. í árslok 2003, þar af var eign í skuldabréfum 108,2 milljarðar, eign í innlendum hlutabréfum 18,2 milljarðar og eign í erlendum hlutabréfum 31,2 milljarðar. Skiptingu verðbréfaeignar A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR í árslok 2003 má sjá í meðfylgjandi töflu og myndum.

Samsetning eigna hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Vægi erlendra hlutabréfa hefur aukist úr 13,4% í 19,8% vegna aukinna fjárfestinga og hækkandi gengis. Vægi innlendra hlutabréfa hefur minnkað úr 12,3% í 11,6% vegna nettósölu á árinu. Skuldabréf eru nú 68,6% af heildarverðbréfaeign samanborið við 74,3% árið áður.

Verðbréfaeign LSR og LH 2003



Verðbréfaeign LSR og LH 2003



Verðbréfaeign LSR og LH 2003


(m.kr)						Hlutföll						
	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals
Ríkistryggð bréf	7.174	41.914	1.008	50.096	4.353	54.449	20,6%	38,8%	48,6%	34,6%	33,9%	34,5%
Skuldabréf lána stofnana	2.725	7.871	128	10.724	994	11.718	7,8%	7,3%	6,2%	7,4%	7,8%	7,4%
Skuldabréf sveitarfélaga	1.681	4.364	33	6.078	575	6.653	4,8%	4,0%	1,6%	4,2%	4,5%	4,2%
Skuldabréf fyrirtækja	2.400	4.324	155	6.879	570	7.449	6,9%	4,0%	7,5%	4,7%	4,4%	4,7%
Veðskuldabréf	149	159	0	308	23	331	0,4%	0,1%	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%
Sjóðfélagalán	7.438	18.194	0	25.632	1.636	27.268	21,4%	16,8%	0,0%	17,7%	12,8%	17,3%
Erlend skuldabréf	143	179	0	322	36	358	0,4%	0,2%	0,0%	0,2%	0,3%	0,2%
Skuldabréf	21.710	77.005	1.324	100.039	8.187	108.226	62,5%	71,3%	63,9%	69,1%	63,8%	68,6%
Innlend hlutabréf	3.715	12.549	136	16.400	1.826	18.226	10,7%	11,6%	6,6%	11,3%	14,2%	11,6%
Erlend hlutabréf	9.323	18.499	612	28.434	2.812	31.246	26,8%	17,1%	29,5%	19,6%	21,9%	19,8%
Hlutabréf	13.038	31.048	748	44.834	4.638	49.472	37,5%	28,7%	36,1%	30,9%	36,2%	31,4%
Verðbréfaeign alls	34.748	108.053	2.072	144.873	12.825	157.698	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

## Þróun verðbréfaeignar

Eignasamsetning LSR og LH hefur breyst allnokkuð undanfarin ár. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun verðbréfaeignar sjóðanna frá árinu 1998 til ársloka 2003. Skuldabréfaeign hefur lækkað úr 93,7% á árinu 1998 í 68,6% á árinu 2003. Innlend hlutabréfaeign hefur aukist í 11,6% en var 0,6% 1998. Vægi erlendra hlutabréfa hefur aukist mikið frá ársbyrjun

1998 til loka árs 2003 að undanskildu árinu 2000 þegar hlutfall erlendar verðbréfaeignar lækkaði vegna verðlækkana og styrkingar íslensku krónunnar. Erlenda verðbréfaeignin jókst aftur á árinu 2003 og er nú 19,8% af heildarverðbréfaeign sjóðanna.

Þróun verðbréfaeignar LSR og LH 1998-2003





## Ávöxtun

Nafnávöxtun samanlagt fyrir allar deildir LSR á árinu 2003 var 13,8% sem samsvarar 10,8% raunávöxtun samanborið við -1,3% raunávöxtun á árinu 2002. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 10,6% á árinu samanborið við -1,4% á árinu 2002. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu 5 árin er 3,7% og meðaltal síðustu 10 ára er 4,6%.

Nafnávöxtun LH á árinu 2003 var 15,0% sem samsvarar 12,0% raunávöxtun samanborið við -2,4% á árinu 2002. Hrein raunávöxtun LH var 11,8% á árinu 2003 samborið við -2,5% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu 5 ár er 3,5% og meðaltal síðustu 10 ára er 4,8%. Í meðfylgjandi

töflum má sjá ávöxtun og eignasamsetningu A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR á árinu 2003, ásamt sundurliðun ávöxtunar eftir tegundum verðbréfa. Mismunandi ávöxtun sjóðanna má rekja til mismunandi eignasamsetningar þar sem B-deild LSR á hlutfallslega mest í skuldabréfum. Skuldabréfaeign LSR og LH er gerð upp á kaupkröfu sem þýðir að breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hafa ekki áhrif á bókfært virði þeirra bréfa sem sjóðirnir áttu í árslok 2003. Hluti skuldabréfaeignar Séreignar LSR er gerður upp á markaðsvirði sem þýðir að þegar ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá hækkar virði bréfanna og öfugt, burtséð frá kaupkjörum og kauptíma. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

### Ávöxtun og eignasamsetning 2003

	A-deild	B-deild	Séreign			LSR	LH
			Leið I	Leið II	Leið III		
Nafnávöxtun	14,2%	13,7%	16,1%	12,1%	10,1%	13,8%	15,0%
Hrein raunávöxtun	11,0%	10,5%	12,9%	9,0%	7,0%	10,6%	11,8%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	3,3%	3,9%	0,4%	8,6%	6,9%	3,7%	3,5%

### Eignasamsetning í árslok 2003

Innlán					100%		
Skuldabréf	62,5%	71,3%	59,6%	80,1%		69,1%	63,8%
Innlend hlutabréf	10,7%	11,6%	7,4%	2,7%		11,3%	14,2%
Erlend hlutabréf	26,8%	17,1%	33,0%	17,2%		19,6%	21,9%

### Skipting ávöxtunar eftir tegundum verðbréfa

	A-deild	B-deild	Séreign		LH	Samtals
			Leið I	Leið II		
<b>Nafnávöxtun</b>						
Innlend skuldabréf	8,4%	8,4%	8,8%	9,1%	8,5%	8,4%
Erlend skuldabréf	9,5%	9,5%	-	-	9,5%	9,5%
Innlend hlutabréf	42,7%	42,7%	57,8%	57,4%	42,4%	42,6%
Erlend hlutabréf	20,0%	20,3%	17,0%	20,2%	21,2%	20,4%
<b>Raunávöxtun</b>						
Innlend skuldabréf	5,5%	5,6%	5,9%	6,2%	5,6%	5,5%
Erlend skuldabréf	6,6%	6,6%	-	-	6,6%	6,6%
Innlend hlutabréf	38,9%	38,9%	53,7%	53,3%	38,6%	38,9%
Erlend hlutabréf	16,8%	17,2%	13,9%	17,0%	18,0%	17,1%

### Innlend skuldabréf

Á árinu 2003 lækkaði Seðlabankinn stýrivexti um 50 punkta, úr 5,8 í 5,3%. Verðbólgan mældist 2,7% á árinu 2003 samanborið við 2,0% árið áður. Þessir tveir þættir hafa mikil áhrif á skuldabréfamarkaði. Meðfylgjandi línurit sýna þróun ávöxtunarkröfu annars vegar langra og hins vegar stuttra verðtryggðra húsbréfa á árinu 2003.

Á árinu 2003 var nafnávöxtun skuldabréfaeignar sjóðanna 8,4% og raunávöxtun 5,5%.

Meðfylgjandi tafla sýnir tíu stærstu útgefendur skuldabréfa í eigu deilda LSR og LH, bókfært virði eignar ásamt hlutfalli af heildareign í skuldabréfum.


### Erlend skuldabréf

Á árinu 2003 fjárfestu sjóðirnir í fyrsta sinn í þessum eignaflokki. Fjárfest var í skráðum skuldabréfum fjögurra erlendra fyrirtækja fyrir 346,7 milljónir kr. Samhliða kaupum á skuldabréfunum voru gerðir gjaldmiðlaskiptasamningar. Nafnávöxtun þessa eignaflokks á árinu var 9,5% og raunávöxtun 6,6%.

### Innlend hlutabréf

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn var með besta móti á árinu. Úrvalsvísitala Aðallista, ICEX-15, hækkaði um 56,4%. Til samanburðar hækkaði innlent hlutabréfasafn LSR og LH um 42,6%. Innlendir hlutabréfamarkaður einkenndist af sameiningu, yfirtökum og afskráningum félaga. Árið einkenndist jafnframt af lækkandi vöxtum og lágri verðbólgu.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra húsbréfa 2003



Framangreindir þættir höfðu jákvæð áhrif á afkomu flestra fyrirtækja, m.a. vegna lækkandi erlendra skulda og minni fjármagnskostnaðar. Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun Úrvalsvísitölu Aðallista á síðasta ári.


Meðfylgjandi tafla sýnir tíu stærstu innlendu hlutafélögin í eigu deilda LSR og LH, markaðsvirði eignar, hlutfallslegan eignarhlut ásamt hlutfalli eigna í safni.

### Erlend hlutabréf

Umtalsverðar hækkanir urðu á öllum helstu hlutabréfavísitölum á árinu. Í dollurum talið hækkaði Morgan Stanley-heimsvísitala hlutabréfa, sem mælir breytingu á hlutabréfaverði í heiminum, um 30,8%. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 11,9% gagnvart Bandaríkjadollar. Umreiknað í íslenskar krónur hækkaði heimsvísitalan því um 15,2%. Styrking íslensku krónunnar hefur neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna sjóðanna. Til samanburðar hækkaði erlenda hlutabréfasafn sjóðanna um 17,7% án skiptasamninga en um 20,4% með skiptasamningum.

Eftir lækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum undanfarin 3 ár var mikil hækkun árið 2003. Helstu ástæður verðhækkana erlendra hlutabréfa má rekja til aukinna væntinga um hagnað fyrirtækja og bjartsýni á aukinn hagvöxt í heiminum. Meðfylgjandi er yfirlit yfir þróun MSCI-heimsvísitölu hlutabréfa á árinu 2003 í dollurum.

Þróun Úrvalsvísitölnnar 2003




Á árinu 2003 voru nettófjárfestingar í erlendum hlutabréfum 10,1 milljarður kr. Vægi erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðanna jókst talsvert frá árinu áður. Í árslok var hlutfallið 19,8% af verðbréfaeign miðað við 13,4% í árslok 2002. Í töflu á næstu síðu má líta sundurliðun eigna LSR og LH í erlendum hlutabréfasjóðum og sérgreindum hlutabréfasöfnum. Línuritið sýnir gengisþróun stærstu hlutabréfasafna í eigu LSR og LH ásamt samanburði við Morgan Stanley-heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI) í íslenskum krónum. Árangur stærstu sjóðanna var mjög mismunandi á árinu og skýrist það að mestum hluta af mismunandi eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu safnanna.

**Gjaldmiðlaskiptasamningar**

Gerðir hafa verið framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðanna. Heildarfjárhæð samninganna í árslok 2003 nam 12,6 milljörðum kr. sem er 41,0% af erlendra hlutabréfaeign en var tæpir 6,5 milljarðar kr. árið áður eða 39,1%.

Með skiptasamningunum fá sjóðirnir innlendar vaxtatekjur en greiða á móti vexti í erlendum myntum sem eru mun lægri. Í árslok 2002 var markaðsvirði samninganna 873,7 milljónir kr. en í árslok 2003 var markaðsvirði samninganna 446,6 millj. kr. Á árinu 2003 var innlestur hagnaður af samningunum 1.194,8 milljónir og er því tekjufærður hagnaður 767,7 milljónir. Góður árangur af gjaldmiðlaskiptasamningum eykur ávöxtun á hlutabréfaeign sjóðanna í erlendra mynt.

**Gengisþróun og samanburður 2003**



**10 stærstu skuldarar í árslok 2003**

Skuldari	Millj. kr.	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	32.941	55,0%
Landssími Íslands	5.033	8,4%
Byggðastofnun	4.422	7,4%
Lánasjóður landbúnaðarins	4.039	6,7%
KB Banki hf.	3.756	6,3%
Ríkisútvarpið	2.649	4,4%
Fjármálaráðuneytið	2.131	3,6%
Íslandsbanki hf.	2.012	3,4%
Rafmagnsveitur ríkisins	1.543	2,6%
Lánasýsla ríkisins	1.325	2,2%

**10 stærstu innlendu hlutafélögin í árslok 2003**

Félag	Millj. kr.	Eign í félagi	Hlutfall
Íslandsbanki hf.	3.222	4,8%	17,9%
Kaupþing Búnaðarbanki hf.	2.227	2,3%	12,4%
Landsbanki Íslands hf.	1.936	4,4%	10,8%
Samherji hf.	1.818	12,2%	10,1%
Össur hf.	1.714	12,0%	9,5%
Eimskipafélag Íslands hf.	1.590	5,0%	8,8%
Fjárf.félagið Straumur hf.	1.547	7,6%	8,6%
Bakkavör hf.	1.020	3,7%	5,7%
Opin kerfi hf.	767	13,6%	4,3%
Pharmaco hf.	593	0,5%	3,3%

**Þróun MSCI 2003 í USD**




LSR og LH eru í samstarfi við erlenda fjárvörsluaðila um ávöxtun fjármuna sjóðanna á erlendum verðbréfamörkuðum. Sjóðirnir kaupa ekki einstök hlutabréf heldur velja fjárvörsluaðila sem annast eignastýringu verðbréfasafna. Við val á fjárvörsluaðilum er horft til áhættudreifingar, ólíkrar

aðferðafræði og mismunandi fjárfestingarstefnu. Leitað er eftir samstarfi við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnisfæra þjónustu. Í neðangreindri töflu er yfirlit yfir erlenda fjárvörsluaðila LSR og LH.

#### Erlend verðbréf eftir fjárvörsluaðilum (LSR og LH):

Sjóðir	Millj. kr.	Hlutfall	Nafnávöxtun
Vanguard - Global Stock Index Inst.	4.739,0	15,2%	17,0%
Morgan Stanley	4.700,0	15,0%	20,7%
Schroder - Global Equity Class C	3.893,2	12,5%	16,9%
Dresdner RCM Global Investors	3.253,7	10,4%	13,3%
ACM - Global Growth Trends Port. Class S	2.977,1	9,5%	18,6%
ACM - Global Value Portfolio	2.403,9	7,7%	16,8%
JPMF Global Dynamic Fund	2.400,0	7,7%	18,9%
Templeton - Growth Fund. Inc.	1.855,1	5,9%	14,3%
MFS - Institutional Advisors. Inc.	1.716,7	5,5%	13,6%
ACM - Sérgreint safn	1.439,9	4,6%	12,0%
T. Rowe Price FDS Sicav	1.207,6	3,9%	20,4%
Alþjóða framtakssjóðurinn	244,2	0,8%	-
Lombard Odier Invest - European Small & Mid Caps Fund	217,0	0,7%	28,9%
Capital International Fund	105,1	0,3%	24,9%
Aðrir minni sjóðir	94,1	0,3%	-
Samtals	31.246,6	100,0%	
Nafnávöxtun safns án skiptasamninga			17,7%
Nafnávöxtun safns með skiptasamningum			20,4%

#### Erlend verðbréf eftir fjárvörsluaðilum



## Sjóðfélagalán og lánareglur

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 27.384 millj. kr. í árslok 2003 og lækkuðu um 10,7% milli ára. Sjóðfélagalán voru 17,6% af verðbréfaeign sjóðanna í árslok 2003 sem er 2,5 prósentustigum lægra en árið áður. Af fjárhæð sjóðfélagalána í árslok voru 67% hjá B-deild LSR, 27% hjá A-deild LSR og 6% hjá LH.

Fjárhæð veittra lána til sjóðfélaga LSR og LH á árinu 2003 nam 4.015 millj. kr. og lækkaði um 4,7% milli ára. Alls voru veitt 1.669 lán á árinu 2003 í stað 1.913 lána árið áður sem er tæplega 13% fækkun. Meðalfjárhæð veittra lána hækkaði hins vegar um 9,2% milli ára og var 2,4 millj. kr. á árinu 2003. Lán til sjóðfélaga námu 14,8% af ráðstöfunarfé ársins að teknu tilliti til seldra verðbréfa sem er lækkun frá árinu 2002, en þá var hlutfallið 17%.

Vanskil lána til sjóðfélaga námu samtals 129,6 millj. kr. í árslok 2003 og lækkuðu um 7% milli ára. Hlutfall sjóðfélagalána í vanskilum lækkaði einnig úr 0,56% í 0,47%. Þetta eru öll vanskil en þess ber að geta að samkvæmt reglum sjóðanna hafa sjóðfélagar 14 daga til þess að greiða án þess að dráttarvextir séu reiknaðir þannig að raunveruleg vanskil eru lægri. 412 lán voru í meira en 3ja mánaða vanskilum í árslok og fækkaði þeim um 17 lán milli ára. Lánnum sem höfðu verið í vanskilum í þrjá til tólf mánuði fækkaði um 26 milli ára en lánnum sem höfðu verið í vanskilum lengur en í eitt ár fjölgaði um 9 milli ára. Lán sem fóru til uppboðsmeðferðar voru 214 eða 31 fleiri en árið áður.

### Sjóðfélagalán

(Fjárhæðir eru í þús. kr.)

Lán í árslok:	A-deild LSR		B-deild LSR *		LH		Samtals	
	2003	2002	2003	2002	2003	2002	2003	2002
Heildarfjárhæð	7.446.399	6.371.666	18.300.489	16.871.296	1.637.566	1.502.112	27.384.454	24.745.074
Fjöldi lána	3.461	3.045	14.763	14.704	1.371	1.357	19.595	19.106
Meðalfjárhæð	2.152	2.093	1.240	1.147	1.194	1.107	1.398	1.295
Hlutfall af verðbréfaeign	21,4%	27,0%	16,9%	18,9%	12,8%	14,5%	17,6%	20,1%

### Veitt lán á árinu:

Fjárhæð	1.335.444	1.003.765	2.477.189	2.953.383	202.377	257.910	4.015.010	4.215.058
Fjöldi lána	569	488	995	1.303	105	122	1.669	1.913
Meðalfjárhæð	2.347	2.057	2.490	2.267	1.927	2.114	2.406	2.203
Hlutf. af fjárf. nettó	14,0%	12,8%	16,0%	19,7%	9,3%	13,2%	14,8%	17,0%

\* Sjóðfélagalán hjá Lífeyrissjóði alþingismanna eru inn í tölum fyrir B-deild LSR en þau námu 75,2 millj. kr. í árslok 2003.

### Sjóðfélagalán, LSR og LH

Vanskil:	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Fjöldi lána í meira en 3ja mán. vanskilum	412	429	408	256	305	205
Fjöldi lána í uppboðsmeðferð í árslok	78	79	88	78	58	100
Fjöldi útsendra uppboðsbeiðna	214	183	167	171	199	257
Fjöldi skuldbreyttra lána	119	159	55	52	94	124
Upphæð í vanskilum alls (í þús. kr.)	129.634	139.370	125.258	91.845	75.404	84.279
Hlutfall af sjóðfélagalánnum	0,47%	0,56%	0,58%	0,57%	0,60%	0,78%
Hlutfall af heildarskuldbréfaeign	0,13%	0,15%	0,16%	0,14%	0,14%	0,21%

### Lánsréttur

Hver sá sem greiðir eða hefur einhvern tíma greitt til LSR eða LH á rétt á lífeyrissjóðsláni. Sama gildir um þá sem átt gætu aðild að A-deild LSR þó að þeir hafi aldrei greitt til sjóðsins, t.d. aðilar að stéttarfélagum opinberra starfsmanna. Séreignarsparendur hjá Séreign LSR hafa sama lánsrétt og aðrir sjóðfélagar.

### Lánsupphæðir

Hámark lánsfjárhæðar ræðst af veðhæfi eignar. Ef lánsupphæð er umfram 5 millj. kr. þurfa umsækjendur að gangast undir sérstakt greiðslumat auk þess sem ríkari kröfur eru gerðar hvað varðar mat á veðhæfi eignar.

### Lánskjör

Vextir í maí 2004 voru 5,13% en 5,01% í upphafi árs. Vextir eru breytilegir samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðanna og eru þeir endurskoðaðir miðað við ávöxtunarkröfu húsbrefta á 3ja mánaða fresti. Lánstími er 5 til 30 ár að vali lántakanda.


### Veðtrygging

Lán er veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði og er miðað við 65% af fasteignamati eignarinnar eða 55% af verðmati löggilts fasteignasala, hvort sem hærra reynist. Lánsfjárhæðin má þó aldrei fara yfir 85% af brunabótamati viðkomandi eignar.


### Lántökukostnaður

Lántökugjald er 1% fyrir þá sem greitt hafa til sjóðsins í einn eða fleiri mánuði af síðustu 6 og fyrir þá sem fá greiddan lífeyri hjá sjóðnum, en 1,5% fyrir þá sem ekki hafa greitt iðgjald til sjóðsins á síðustu 6 mánuðum.


### Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH



### Fjöldi veittra sjóðfélagalána LSR og LH



### Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána LSR og LH



## Séreign LSR


Frá stofnun Séreignar LSR til ársins 2003 var rekstur og umsjón deildarinnar í höndum Kaupþings hf. Á nýliðnu ári var gerð sú breyting að rekstur deildarinnar var færður til skrifstofu sjóðsins. Séreign LSR byggir á traustum grunni LSR og leggur áherslu á örugga vörslu viðbótarlífeyrissparnaðar, góða ávöxtun með varfærni í fjárfestingum að leiðarljósi, góða þjónustu við sjóðfélaga og lágan rekstrarkostnað.

### Iðgjöld og eignir

Iðgjöld á árinu 2003 námu 623 milljónum kr. og hækkuðu um 13,7% milli ára. Heildareignir sjóðfélaga námu 2.325,7 milljónum kr. í árslok 2003 og hækkuðu um 863 milljónir eða 59% á milli ára. Á árinu 2003 greiddu 3.828 sjóðfélagar iðgjald til Séreignar LSR en meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.478. Heildarfjöldi þeirra sem áttu eign í sjóðnum í árslok 2003 var 4.514.

### Heildareignir

(í m.kr.)



### Fjárfestingarleiðir

#### Leið I

Í Leið I er vægi hlutabréfa 45% og geta því sveiflur í ávöxtun orðið nokkrar. Leið I hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sétt til að jafna út sveiflurnar og uppskera hærri ávöxtun.

#### Leið II

Í Leið II er vægi hlutabréfa að hámarki 20%. Sveiflur í ávöxtun verða minni en í Leið I og áhættan er þ.a.l. minni. Leið II hentar þeim sem eiga fá ár til starfsloka eða þeim sem vilja taka miðlungsáhættu og vilja minni sveiflur í ávöxtun.

#### Leið III

Í Leið III er séreignarsparnaðurinn ávaxtaður að öllu leyti á verðtryggðum innlánsreikningi. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarka áhættu og sveiflur í ávöxtun.

#### Sér-leið

Sér-leið hefur það markmið að fjárfestingarstefna fylgi aldri sjóðfélaga, þar sem eðlilegt er að draga úr vægi áhættumeiri fjárfestinga eftir því sem fólk eldist og nær dregur lífeyrisgreiðslum. Í Sér-leið færast iðgjald og inneign milli fjárfestingarleiðanna þriggja eftir því sem sjóðfélaginn eldist.

### Fjárfestingarleiðir Séreignar LSR

	Hlutabréf	Skuldabréf	Verðtr. innlán	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
Leið I	45%	55%	0%	Meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	20%	80%	0%	Litlar sveiflur	55 ára og eldri
Leið III	0%	0%	100%	Lágmarks sveiflur	Lífeyrisþegar

**Fjárfestingar**

Á liðnu ári var fjárfest fyrir 678,5 milljónir kr. í Séreign LSR. Í Leið I var fjárfest fyrir 477,5 milljónir kr. Keypt voru skuldabréf fyrir 294,0 milljónir, erlend hlutabréf fyrir 199,8 milljónir en nettósala innlendra hlutabréfa var 16,3 milljónir. Á árinu 2003 var hlutfall skuldabréfa 61,6% af heildarfjárfestingum. Hlutfall erlendra hlutabréfa var 41,9% en nettósala innlendra hlutabréfa var 3,4%.

Í Leið II var fjárfest fyrir 201,0 milljón kr. Keypt voru skuldabréf fyrir 148,5 milljónir og erlend hlutabréf fyrir 47,6 milljónir og innlend hlutabréf fyrir 4,9 milljónir. Á árinu 2003 var hlutfall skuldabréfa 73,9% af heildarfjárfestingum. Hlutfall erlendra hlutabréfa var 23,7% og hlutfall innlendra hlutabréfa var 2,4%.

**Innlend hlutabréf**

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa í Leið I var 57,8% og í Leið II 57,4%. Til samanburðar hækkaði Úrvalsvisitala Aðallista, ICEX-15, um 56,4%. Meðfylgjandi er yfirlit yfir 10 stærstu innlendu félögin í eigu Séreignar LSR.

**10 stærstu innlendu hlutafélögin hjá Séreign LSR 2003**

Félag	Samtals	Eign í félagi	Hlutfall í safni
(Í þús. kr.)			
Pharmaco hf.	26.800	0,02%	19,78%
KB banki hf.	22.311	0,02%	16,47%
Íslandsbanki hf.	20.733	0,03%	15,30%
Landsbanki Íslands hf.	11.885	0,03%	8,77%
Bakkavör Group hf.	11.327	0,04%	8,36%
Samherji hf.	9.438	0,06%	6,96%
Össur hf.	8.378	0,06%	6,18%
Marel hf.	5.243	0,06%	3,87%
Burðarás hf.	5.091	0,02%	3,76%
Og fjarskipti hf.	4.497	0,05%	3,32%

**Erlend hlutabréf**

Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa í Leið I var 17% og í Leið II 20,2%. Til samanburðar hækkaði MSCÍ-heimsvísitala hlutabréfa um 15,2% í íslenskum krónum. Mismunandi ávöxtun eftir leiðum má rekja til mismunandi eignasamsetningar en á árinu 2003 var mikil áhersla lögð á að samræma eignasamsetningu allra deilda LSR og LH. Á næstu opnu er sundurliðun á erlendum eignum Séreignar LSR eftir fjárvörsluáðilum.

**Nettófjárfestingar Séreignar LSR 2003**

(Í þús. kr.)	Leið I			Leið II		
	Leið I	Leið II	Samtals	Leið I	Leið II	Samtals
Ríkistryggð bréf	205.084	110.770	315.854	42,9%	55,1%	46,5%
Skuldabréf lánastofnana	5.396	9.595	14.991	1,1%	4,8%	2,2%
Skuldabréf sveitarfélaga	16.819	8.659	25.478	3,5%	4,3%	3,8%
Skuldabréf fyrirtækja	66.695	19.494	86.189	14,0%	9,7%	12,7%
Skuldabréf	293.994	148.518	442.512	61,6%	73,9%	65,2%
Innlend hlutabréf	-16.348	4.878	-11.470	-3,4%	2,4%	-1,7%
Erlend hlutabréf	199.859	47.635	247.495	41,9%	23,7%	36,5%
Hlutabréf	183.512	52.513	236.024	38,4%	26,1%	34,8%
Fjárfestingar alls	477.505	201.031	678.536	100,0%	100,0%	100,0%




**Verðbréfaeign**


Verðbréfaeign Leiðar I var 1.673,3 milljónir í lok árs 2003. Eign í skuldabréfum var 1.004,2 milljónir eða 60,0% af heildarverðbréfaeign. Erlend hlutabréfaeign var 544,5 milljónir eða 32,5% og innlend hlutabréfaeign var 124,6 milljónir eða 7,4%.

Verðbréfaeign Leiðar II var 399,5 milljónir í lok árs 2003. Eign í skuldabréfum var 320,1 milljón kr. eða 80,1% af heildarverðbréfaeign. Eign í erlendum hlutabréfum var 68,5 milljónir kr. eða 17,2% og innlend hlutabréfaeign var 10,9 milljónir eða 2,7%.

**Verðbréfaeign Leiðar I 2003**



**Verðbréfaeign Leiðar II 2003**



**Verðbréfaeign Séreignar LSR 2003**

(Í þús. kr.)				Hlutföll		
	Leið I	Leið II	Samtals	Leið I	Leið II	Samtals
Ríkistryggð bréf	742.883	265.070	1.007.953	44,4%	66,4%	48,6%
Skuldabréf lánastofnana	107.529	20.939	128.467	6,4%	5,2%	6,2%
Skuldabréf sveitarfélaga	21.910	11.018	32.928	1,3%	2,8%	1,6%
Skuldabréf fyrirtækja	131.875	23.066	154.940	7,9%	5,8%	7,5%
<b>Skuldabréf</b>	<b>1.004.196</b>	<b>320.093</b>	<b>1.324.289</b>	<b>60,0%</b>	<b>80,1%</b>	<b>63,9%</b>
Innlend hlutabréf	124.639	10.864	135.503	7,4%	2,7%	6,5%
Erlend hlutabréf	544.469	68.524	612.993	32,5%	17,2%	29,6%
<b>Hlutabréf</b>	<b>669.108</b>	<b>79.388</b>	<b>748.495</b>	<b>40,0%</b>	<b>19,9%</b>	<b>36,1%</b>
<b>Verðbréfaeign alls</b>	<b>1.673.304</b>	<b>399.481</b>	<b>2.072.785</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

**Ávöxtun ársins 2003**


Ávöxtun fjárfestingarleiða var mismunandi vegna ólíkrar fjárfestingarstefnu. Nafnávöxtun Leiðar I var 16,1% sem samsvarar 13,0% raunávöxtun samanborið við -10,3% raunávöxtun á árinu 2002. Nafnávöxtun Leiðar II var 12,1% sem samsvarar 9,2% raunávöxtun samanborið við 8,2% raunávöxtun á árinu 2002. Nafnávöxtun Leiðar III var 10,1% sem samsvarar 7,2% raunávöxtun. Til hliðar má sjá ávöxtun eftir verðbréfaflokkum.

Séreign LSR	Leið I	Leið II
<b>Nafnávöxtun</b>		
Innlend skuldabréf	8,8%	9,1%
Innlend hlutabréf	57,8%	57,4%
Erlend hlutabréf (með skiptasamningum)	17,0%	20,2%
Erlend hlutabréf (án skiptasamninga)	14,4%	16,4%
<b>Raunávöxtun</b>		
Innlend skuldabréf	5,9%	6,2%
Innlend hlutabréf	53,7%	53,3%
Erlend hlutabréf (með skiptasamningum)	13,9%	17,0%
Erlend hlutabréf (án skiptasamninga)	11,4%	13,3%

**Erlendar eignir eftir fjárvörsluáðilum**

(Í þús. kr.)

Sjóðir	Leið I	Leið II	Samtals	Hlutfall	Nafnávöxtun
JPMF Global Dynamic Fund	111.950	13.447	125.397	20,5%	18,9%
Capital International Fund	91.108	14.038	105.146	17,2%	24,9%
Vanguard - Global Stock Index	84.283	11.832	96.115	15,7%	17,0%
ACM - Global Growth Trends Fund	77.169	10.150	87.319	14,3%	18,6%
ACM - Global Value Portfolio	50.624	6.660	57.284	9,4%	16,8%
Lifis International Equity	45.405	5.043	50.448	8,2%	20,9%
Templeton - Growth Fund, Inc.	41.684	5.220	46.905	7,7%	14,3%
T. Rowe Price FDS Sicav	12.776	577	13.353	2,2%	20,4%
Artemis Holding ISK Class	11.952	0	11.952	2,0%	15,2%
ALPHA 1 Venture Capital Fund	7.295	0	7.295	1,2%	-24,6%
Uppspretta ehf.	6.304	0	6.304	1,0%	-16,3%
Lombard Odier Invest	3.920	980	4.900	0,8%	28,9%
Samtals	544.469	67.947	612.416	100,0%	

**Erlend verðbréfaeign 2003**

## Tryggingafræðileg úttekt á LSR og LH

Stjórnir LSR og LH fólu Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna miðað við árslok 2003. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysluverðs. Hjá B-deild LSR, alþingismannadeild, ráðherradeild og LH er gert ráð fyrir að launahækkunar séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og ávöxtun 2% umfram launahækkunar.

### Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum B-deildar LSR

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar B-deildar LSR 304,1 milljarður kr. í árslok 2003 en voru 286,4 milljarðar árið áður, sem er 6,2% hækkun milli ára.

Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 4,7% á árinu 2003 en það er minnst á árlega hækkun vísitölunnar frá upphafi. Byrjað var að mæla hækkunar dagvinnulauna opinberra starfsmanna með sérstakri vísitölu í ársbyrjun 1997 en frá þeim tímabili hefur árleg hækkun vísitölunnar numið 10,4% að meðaltali. Réttindi hjá B-deild eru reiknuð sem hlutfall af dagvinnulaunum og hafa allar launabreytingar því áhrif á réttindi sjóðfélaga, hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri.

Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2003 skiptist eftir tegundum launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2003.

Skuldbindingar B-deildar LSR voru 135,4 milljarðar kr. í árslok 1996 og hafa þær hækkað um 125% á undanförunum 7 árum. Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má aðallega rekja til kerfisbreytingar á launum opinberra starfsmanna sem og almennra launahækkana. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hefur hækkað um 100,2% frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2003. Eignir sjóðsins hafa hins vegar hækkað um 244% á sama tímabili og stafar það m.a.

af uppgjörum og innborgunum vegna skuldbindinga. Á súluriti hér á næstu síðu má sjá hvernig eignir B-deildar LSR hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 1995. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins, en í árslok 2003 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs helmingi af eignum sjóðsins. Hlutfall eigna B-deildar LSR var 38,8% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2003 og hækkaði um 4,1 prósentustig frá árinu áður. Hækkunin skýrist af því að eignir sjóðsins ávöxtuðust um 13,7% á árinu 2003 á meðan skuldbindingarnar hækkuðu um 6,2% sem og af innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar.

Áfallin skuldbinding í árslok 2003, B-deild LSR	Fjárhæð m.kr.
A-hluta ríkisstofnanir	112.496
B-hluta ríkisstofnanir	2.013
C-hluta ríkisstofnanir	664
Einkavæddar ríkisstofnanir	1.966
Einstaklingar (staða lögð niður)	183
Framhaldsskólar	20.715
Fræðslu- og skólaskrifstofur	293
Grunnskólar fyrir 01.08.1996	54.547
Grunnskólar eftir 01.08.1996	9.791
Heilsugæslu- og heilsuverndarstöðvar	4.191
Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	23.642
Sparisjóðir	1.534
Stéttarfélög	705
Stjórnmalaflokkar	320
Stofnanir í samrekstri ríkis og sveitarfélaga	400
Sveitarfélög, sveitarsjóðir	13.058
Uppgreiddar skuldbindingar	38.879
Ýmsir með bakábyrgð sveitarfélaga	6.150
Ýmsir séraðilar	12.510
Samtals	304.057
Breyting áfallinnar skuldbindingar, B-deild LSR	Fjárhæð m.kr.
Skuldbinding í árslok 2002	286.435
Vextir 2%	5.729
Nýjar skuldbindingar	7.195
Launahækkunar	14.718
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(10.021)
Skuldbinding í árslok 2003	304.057


### Skuldbindingar launagreiðenda við B-deild LSR vegna lífeyrishækkana fyrirverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um B-deild LSR er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur. Sá hluti skuldbindinga B-deildar LSR sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 132,1 milljarður kr. í árslok 2003 eða um 43,4% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 133,8 milljarðar kr. í árslok 2002 og lækkuðu því um 1,3% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður og ríkisstofnanir. Í ársreikningi B-deildar LSR eru kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana ekki færðar sem hluti af efnahagsreikningi. Þess í stað er gætið um þessar kröfur sem eignir utan efnahagsreiknings.

### Eign til greiðslu á lífeyri í B-deild LSR

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign B-deildar LSR 108,2 milljarðar kr. í árslok 2003 samanborið við 90,1 milljarð árið á undan. Hækkunin nemur 20,1% milli ára. Til viðbótar á sjóðurinn áður nefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 132,1 milljarður kr. Samtals eru þessar eignir 240,3 milljarðar kr. Við mat á eign til greiðslu

### Eignir B-deildar LSR sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



lífeyris þarf að taka tillit til þeirra verðbréfa í eigu sjóðsins sem bera vexti umfram þau 3,5% sem notuð eru í tryggingafræðilegri úttekt. Þetta fer þannig fram að tekna eru afborganir og vextir af verðbréfasafni sjóðsins þar til það er honum að fullu greitt og þær greiðslur núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun. Með þessu endurmati verður eign B-deildar LSR í verðbréfum 9,9 milljörðum kr. hærri en bókfært verð þeirra, að frádragnum núvirði fjárfestingarkostnaðar. Endurmetnar eignir sjóðsins teljast því vera 250,1 milljarður kr. að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 82,3% af áfallinni skuldbindingu hans. Samkvæmt 32. gr. laga um sjóðinn ber ríkissjóður ábyrgð á greiðslu lífeyris úr sjóðnum. Hins vegar reynir ekki á þá ábyrgð nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs var samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum í árslok 2003 metin á 53,9 milljarða kr. eða 17,7% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Tafla hér að neðan

### Hlutdeild ábyrgðaraðila í áfallinni skuldbindingu

#### B-deildar LSR í árslok 2003

	Fjárhæð m.kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	108.217	35,6%	35,6%
Endurmat á verðbréfaeign	9.862	3,2%	38,8%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (33. gr. laga nr. 1/1997)	132.059	43,4%	82,3%
Krafa á ríkissjóð v/ bakábyrgðar (32. gr. laga nr. 1/1997)	53.919	17,7%	100,0%
Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	304.057	100,0%	

sýnir sundurliðun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum sjóðsins í árslok 2003.

Undanfarin 5 ár hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn umfram lagaskyldu. Í árslok 2003 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð hans við sjóðinn 54,6 milljörðum kr. Bakábyrgð ríkissjóðs hefði verið 108,5 milljarðar í árslok 2003 ef ekki hefði komið til aukagreiðslna frá ríkissjóði.

**Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar**

Hluti launagreiðenda hefur gert upp áfallnar skuldbindingar sínar við B-deild LSR. Sjóðurinn verður að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinganna með eignum sínum án krafna á launagreiðendur. Innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn er haldið til hliðar við útreikning á eignum sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar. Viðbótariðgjald þeirra launagreiðenda, sem ekki hafa gert upp skuldbindingar sínar, er á sama hátt dregið frá eignum. Af áfallinni

skuldbindingu að fjárhæð 304,1 milljarður kr. hafa 38,9 milljarðar verið endanlega gerðir upp við sjóðinn. Óuppgerð áfallin skuldbinding var í árslok 265,2 milljarðar kr. og eignir sjóðsins vegna óuppgerðra skuldbindinga 19 milljarðar eða um 7,2% sem er hækkun um 0,2 prósentustig frá fyrra ári. Hækkun á hlutfalli eigna sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar á árinu má rekja til þess að ávöxtun sjóðsins var talsvert umfram hækkun skuldbindinga. Eignir sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar má sjá nánar í töflu hér að neðan.

**Tryggingafræðileg úttekt á**

**skuldbindingum A-deildar LSR**

Áfallin skuldbinding A-deildar LSR í árslok 2003 var 28,1 milljarður kr. og hækkaði um 30,4% milli ára. Hrein eign sjóðsins skv. efnahagsreikningi í árslok 2003 nam 35,4 milljörðum kr. og hækkaði hún um 45,3% milli ára. Endurmat þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 2,5 milljörðum að teknu tilliti til núvirtis fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir sjóðsins í árslok 2003 eru því

<b>Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar (í m.kr.)</b>	<b>Fjárhæð 2003</b>		<b>Fjárhæð 2002</b>	
Áfallin skuldbinding samtals	304.057		286.435	
Uppgerð áfallin skuldbinding	38.879		36.280	
Óuppgerð áfallin skuldbinding	265.178	100,0%	250.156	100,0%
Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi	108.217		90.074	
Endurmat verðbréfa	9.862		9.339	
Samtals endurmetin eign	118.079		99.413	
Aukagreiðslur ríkissjóðs	54.578		40.808	
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	589		424	
Hld. aukagreiðslna í endurmati verðbréfa	5.027		4.275	
Samtals vegna aukagreiðslna	60.194		45.507	
Bókfærð eign ásamt endurmati	118.079		99.413	
Eign vegna uppgerðra skuldbindinga	(38.879)		(36.280)	
Eign vegna aukagreiðslna	(60.194)		(45.507)	
Eign vegna óuppgerðra skuldbindinga	19.006	7,2%	17.627	7,0%

37,9 milljarðar kr. Eignir sjóðsins í árslok 2003 námu samkvæmt þessu 8,0 milljörðum umfram skuldbindingu hans, eða 34,8% sem er talsverð hækkun frá árinu áður þar sem hlutfallið var 22,2%. Hækkunina má rekja til góðrar ávöxtunar sjóðsins á síðasta ári. Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og vinni sér inn réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 4,1 milljarð kr. eða 2,8% lægri en heildarskuldbinding hans. Þetta þýðir að skuldbinding vegna viðbótarréttinda eykst meira en sem nemur iðgjöldunum. Þetta er eðlilegt þar sem ekki er reiknað með neinni nýliðun í sjóðnum eða brottfalli virkra sjóðfélaga. Áfallin staða er jákvæð sem sýnir að fram til þessa á sjóðurinn vel fyrir skuldbindingum sínum enda flestir sjóðfélagar enn ungir að árum. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er einungis 39 ár. Framlag launagreiðenda er nú 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldaprósentu launagreiðenda á að endurskoða árlega. Þar sem heildarstaða A-deildar er innan skilgreindra marka þykir ekki rétt að leggja til breytingu á framlagi launagreiðenda að svo stöddu, en samkvæmt lögum um lífeyrissjóði má

heildarstaða þeirra aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera utan 5% vikmarka samfellt í fimm ár.

#### Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum lífeyrissjóða alþingismanna og ráðherra

Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs alþingismanna var 5.537 millj. kr. í árslok 2003 og hækkaði um 32,3% á árinu. Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs ráðherra var 1.132 millj. kr. í árslok 2003 og hækkaði um 28,3% á árinu. Sjóðirnir höfðu fram til ársins 1999 verið reknir sem gegnumstreymissjóðir og eignamyndunin undanfarin 5 ár sem hlutfall af skuldbindingum óveruleg.

Með lögum nr. 141/2003 sem tóku gildi um síðustu áramót voru sjóðirnir lagðir niður í núverandi mynd og er ábyrgð á greiðslu eftirlauna til alþingismanna og ráðherra hjá ríkissjóði og að hluta til hjá A-deild LSR. Lagabreytingin fól það í sér að alþingismenn og ráðherrar greiða nú iðgjald til A-deildar LSR sem nemur 5% af launum og munu þeir fá greiddan lífeyri úr þeim sjóði í samræmi við áunnin réttindi sín þar. Það sem á vantar að alþingismenn og ráðherrar nái fullum rétti skv. nýju lögnum verður greitt úr ríkissjóði.

Tryggingafræðileg staða	Fjárhæð		Fjárhæð		
A-deildar LSR (í m.kr.)	2003		2002		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	35.440		24.389		
Viðbót vegna endurmat	2.504		1.995		
Samtals eign	37.944		26.384		
Áfallin lífeyrisskuldbinding	28.145		21.586		
	Áfallin staða	9.798	34,8%	4.797	22,2%
Hrein eign ásamt endurmati	37.944		26.384		
Framtíðariðgjöld	105.455		93.592		
Samtals framtíðareign	143.399		119.976		
Heildarskuldbinding	147.492		126.219		
	Heildarstaða	(4.094)	-2,8%	(6.244)	-4,9%

**Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum LH**

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar LH 33,8 milljarðar kr. í árslok 2003, en voru 29,7 milljarðar árið áður, sem er 13,5% hækkun milli ára. Fjórðung af þessari hækkun milli ára má rekja til leiðréttinga á launaviðmiði þeirra sjóðfélaga sem eiga verðtryggð, geymd réttindi hjá sjóðnum og hafa því ekki hafið töku lífeyris.

Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2003 skiptist eftir tegundum launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2003.


Skuldbindingar LH voru 14,8 milljarðar kr. í árslok 1996 og hafa hækkað um 128% á undanförunum 7 árum. Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má aðallega rekja til kerfisbreytingar á launum opinberra starfsmanna sem og almennra launahækkana. Þegar dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga breytast hefur það bein áhrif á skuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega á eftirmannsreglu. Skuldbindingar vegna lífeyrisþega á meðaltalsreglu og sjóðfélaga með geymd réttindi, þ.m.t. þeirra sem fluttu sig yfir í A-deild LSR, miðast hins vegar við meðaltalshækkunar dagvinnulauna allra opinberra starfsmanna.

Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 4,7% á árinu 2003 og hefur hún hækkað um 100,2% frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2003. Eignir sjóðsins hafa hins vegar hækkað um 234% á sama tímabili og stafar það m.a. af innborgunum vegna skuldbindinga. Hér til hliðar má sjá hvernig eignir LH hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 1995. Jafnframt sýnir súluritíð hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins, en í árslok 2003 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs tæplega helmingi af eignum sjóðsins. Hlutfall eigna LH var 41,2% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2003 og hækkaði um 2,7 prósentustig milli ára. Hækkunin skýrist annars vegar af því að eignir sjóðsins ávöxtuðust um 15,0% á árinu 2003 á meðan skuldbindingarnar hækkuðu um 13,5% og hins vegar af innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar.

Áfallin skuldbinding í árslok 2003, LH	Fjárhæð m.kr.
A-hluta ríkisstofnanir	1.843
Heilsugæslu- og heilsuverndarstöðvar	2.756
Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	24.002
Stéttarfélag	63
Sveitarfélög, sveitarsjóðir	1.216
Uppgreiddar skuldbindingar	10
Ýmsir með bakábyrgð sveitarfélaga	343
Ýmsir séraðilar	3.288
Annað	233
<b>Samtals</b>	<b>33.754</b>

Breyting áfallinnar skuldbindingar, LH	Fjárhæð m.kr.
Skuldbinding í árslok 2002	29.735
Vextir 2%	595
Nýjar skuldbindingar	566
Launahækkanir	3.502
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(644)
<b>Skuldbinding í árslok 2003</b>	<b>33.754</b>

**Eignir LH sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum**



**Skuldbindingar launagreiðenda við LH vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna**

Samkvæmt lögum um LH er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðnum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum

lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur. Sá hluti skuldbindinga LH sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 17,1 milljarður kr. í árslok 2003 eða um 50,8% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 15,0 milljarðar kr. í árslok 2002 og hækkuðu því um 14,4% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður og ríkisstofnanir. Í ársreikningi LH eru kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana ekki færðar sem hluti af efnahagsreikningi. Þess í stað er getið um þessar kröfur sem eignir utan efnahagsreiknings.

#### Eign til greiðslu á lífeyri í LH

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign LH 12,9 milljarðar kr. í árslok 2003 samanborið við 10,5 milljarða árið á undan. Hækkunin nemur 23,3% milli ára. Til viðbótar á sjóðurinn áður nefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 17,1 milljarður. Samtals eru þessar eignir 30,1 milljarður kr. Skv. tryggingafræðilegum forsendum ber að núvirða verðbréfaeign miðað við 3,5%. Við það hækkar verðbréfaeign LH um 1,0 milljarð kr. umfram bókfært verð, að frádregnu núvirði fjárfestingarkostnaðar. Endurmetnar eignir sjóðsins teljast því vera 31,1 milljarður að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 92,0% af áfallinni skuldbindingu hans. Samkvæmt 18. gr. laga um sjóðinn bera ríkissjóður og aðrir launagreiðendur

ábyrgð á greiðslu lífeyris úr sjóðnum. Hins vegar reynir ekki á þá ábyrgð nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda var skv. tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum í árslok 2003 metin 2,7 milljarðar kr. eða 8,0% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins, að teknu tilliti til endurmats verðbréfa og krafna á launagreiðendur. Tafla hér að neðan sýnir sundurlitun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum sjóðsins í árslok 2003.

Undanfarin 5 ár hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn umfram lagaskyldu. Í árslok 2003 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð hans við sjóðinn 6,1 milljarði kr. Bakábyrgð ríkissjóðs hefði verið 8,8 milljarðar í árslok 2003 ef ekki hefði komið til aukagreiðslna frá ríkissjóði.

#### Eignir LH upp í óuppgerðar skuldbindingar

Af áfallinni skuldbindingu sem nemur 33,7 milljörðum kr. hafa 10 milljónir verið endanlega gerðar upp við sjóðinn. Við útreikning á eignum sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar er innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn haldið til hliðar. Viðbótariðgjald annarra launagreiðenda er á sama hátt dregið frá eignum sem og uppgerðar skuldbindingar. Frádráttur vegna aukainnborgana launagreiðenda inn á skuldbindingar nam samtals 6,8 milljörðum kr. í árslok 2003. Eignir sjóðsins upp í áfallnar skuldbindingar voru 7,1 milljarður kr. í árslok 2003 eða um 20,9% af óuppgerðri skuldbindingu sem er lækkun um hálf prósentustig frá fyrra ári.

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áfallinni skuldbindingu LH í árslok 2003	Fjárhæð	Uppsöfnuð	
	m.kr.	Hlutdeild	hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	12.938	38,3%	38,3%
Endurmat á verðbréfaeign	986	2,9%	41,2%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (20. gr. laga nr. 2/1997)	17.142	50,8%	92,0%
Krafa á ríkissjóð v/ bakábyrgðar (18. gr. laga nr. 2/1997)	2.689	8,0%	100,0%
Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	33.754	100,0%	



Eignir LH upp í óuppgerðar skuldbindingar (í m.kr.)	Fjárhæð 2003		Fjárhæð 2002	
Áfallin skuldbinding samtals	33.754		29.735	
Uppgerð áfallin skuldbinding	10		0	
Óuppgerð áfallin skuldbinding	33.743	100,0%	29.735	100,0%
Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi	12.938		10.496	
Endurmat verðbréfa	986		957	
Samtals endurmetin eign	13.923		11.453	
Aukagreiðslur ríkissjóðs	6.108		4.473	
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	254		186	
Hld. aukagreiðslna í endurmati verðbréfa	485		425	
Samtals vegna aukagreiðslna	6.847		5.084	
Bókfærð eign ásamt endurmati	13.923		11.453	
Eign vegna uppgerðra skuldbindinga	(10)		0	
Eign vegna aukagreiðslna	(6.847)		(5.084)	
Eign vegna óuppgerðra skuldbindinga	7.066	20,9%	6.369	21,4%


**Hrein eign LSR og LH samtals til greiðslu lífeyris**

Frá árslokum 1994 til loka árs 2003 hafa samanlagðar eignir LSR og LH samkvæmt ársreikningum sjóðanna aukist úr 23,9 milljörðum kr. í 159,2 milljarða á verðlagi hvers árs fyrir sig. Eignir sjóðanna voru 126,6 milljarðar kr. í árslok 2002 og hækkuðu um 25,7% á árinu 2003. Aukning eigna hefur verið sérstaklega mikil undanfarin fimm ár. Stafar það m.a. af innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH, tilkomu A-deildar LSR, þar sem iðgjaldaprósenta er hærri og iðgjald greitt af öllum launum, og uppgjörum launagreiðenda á skuldbindingum sínum við B-deild LSR.

Af samanlögðum eignum LSR og LH í árslok 2003 námu eignir B-deildar 108,2 milljörðum kr. eða rúmlega 68% af eignum sjóðanna, eignir A-deildar LSR námu 35,4 milljörðum í árslok og eignir LH 12,9 milljörðum. Eignir sjóðanna jukust um 32,6 milljarða á árinu 2003, þar af jukust eignir B-deildar LSR um rúmlega 18 milljarða og eignir A-deildar LSR um 11 milljarða. Eignir séreignardeildar LSR voru 2.326 millj. kr. í árslok 2003 og jukust þær hlutfallslega mest milli ára eða um 59%.

**Hrein eign til greiðslu lífeyris - LSR og LH**

(á verðlagi hvers árs fyrir sig)



**Hrein eign til greiðslu lífeyris - LSR og LH**

(í m.kr.)	2003	2002	Breyting milli ára
A-deild LSR	35.440	24.389	45,3%
B-deild LSR	108.217	90.074	20,1%
Lífsj. alþingismanna	235	170	38,0%
Lífsj. ráðherra	40	31	31,4%
Séreign LSR	2.326	1.463	59,0%
Lífsj. hjúkr.fræðinga	12.938	10.496	23,3%
Samtals	159.195	126.622	25,7%

## Uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum

Nokkrir launagreiðendur hafa gert upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR og bera þeir þá ekki frekari skuldbindingu gagnvart sjóðnum vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörð tekur til. Skuldbinding sem gerð er upp með þessum hætti er byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsgdag. Innheimta lífeyrishækkana gagnvart viðkomandi launagreiðanda fellur niður frá og með uppgjörsgdegi. Skuldbinding sjóðsins vegna uppgjörsgdegi réttinda í árslok 2003 og 2002 má sjá í töflu hér að neðan.

Forsendur við uppgjör lífeyrisskuldbindinga eru þær sömu og við tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum, þ.e. að launahækkunar séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og að ávöxtun eignar verði 2,0% umfram launahækkunar. Um langtímaforsendur er að ræða þannig að ef litið er til skamms tíma getur þróunin verið önnur. Sé skuldbindingin gerð upp með útgáfu skuldabréfs getur fjárhæð bréfsins verið önnur en skuldbindingin sem gera á upp, allt eftir því hvaða vextir eru á bréfinu. Núvirt greiðslustreymi bréfsins miðað við 3,5% vexti er þó alltaf sama fjárhæð og skuldbindingin sem gera á upp.

Stofnanir og fyrirtæki sem áður hafa gert upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR hafa flestar haldið áfram að greiða iðgjöld til sjóðsins vegna þeirra starfsmanna sem voru í starfi þegar upphaflegt uppgjör á skuldbindingum fór fram. Í þeim tilfellum heldur áfram að myndast skuldbinding og er hún gerð upp árlega samkvæmt samkomulagi við þá launagreiðendur. Frá uppgjör á skuldbindingu undangengins árs eru dregin iðgjöld sem greidd voru vegna ársins auk viðbótariðgjalda. Þá er launagreiðendum einnig heimilt að gera upp skuldbindingu sína frá ákveðnum tímamarki og síðan árlega eftir það.

Á árinu 2003 voru skuldbindingar að fjárhæð 1.301 millj. kr. gerðar upp gagnvart B-deild LSR og 10 millj. gagnvart LH. Er þetta í fyrsta sinn sem skuldbinding er gerð upp með formlegum hætti hjá LH. Á meðal uppgjör ársins voru heildaruppgjör á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands og Þjóðhagsstofnunar, samtals að fjárhæð 1.019 millj. kr. Nánari sundurliðun á uppgjörum ársins eftir launagreiðendum má sjá í lið nr. 6 í skýringum með ársreikningi LSR.

Skuldbinding vegna uppgjörsgdegi réttinda í árslok við B-deild LSR (í millj. kr.)	2003	2002
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1.853	1.826
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	943	893
Framkvæmdasjóður Íslands	542	0
Hitaveita Suðurnesja hf. (skuldbindingar eftir 31.03.2001)	98	44
Íbúðalánasjóður (ásamt Byggingasjóði - og Húsnæðisstofnun ríkisins)	811	764
Íslandspóstur hf.	1.429	1.192
Íslandssíld hf. (Síldarútvegsnefnd)	333	310
Landssíminn hf. (ásamt Pósti og síma hf.)	23.479	22.732
Lánasjóður íslenskra námsmanna	162	152
Orkubú Vestfjarða hf. (skuldbindingar eftir 30.06.2001)	43	28
Rafmagnsveitur ríkisins	2.330	2.331
Ríkissjóður vegna lögreglumanna	90	50
Ríkisútværpið	4.478	4.309
Samábyrgðin hf.	371	355
Sementsverksmiðjan hf.	775	766
Skýrr hf.	541	518
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (skuldbindingar eftir 31.05.2001)	16	11
Þjóðhagsstofnun	587	0
Samtals uppgjörsgdegi skuldbinding	38.879	36.280

## Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur til B-deildar LSR og LH umfram lagaskyldu og hefur verið framhald á þeim greiðslum til dagsins í dag. Áframhaldandi greiðslur eru háðar stöðu ríkissjóðs og ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni.

Innborganir ríkissjóðs styrkja fjárhagsstöðu sjóðanna og gera þeim kleift að mæta skuldbindingum vegna sjóðfélaga sinna með eignum sínum til lengri tíma en annars hefði orðið. Markmið ríkissjóðs með þessu er að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðina til lengri tíma.


Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun sjóðanna. Innborganir ríkissjóðs mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar á skuldbindingum ríkissjóðs. Inneignin hefur hins vegar engin áhrif á mat á skuldbindingum

annarra launagreiðenda komi til uppgjors á þeim. Innborganir ríkissjóðs geta verið ýmist í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara sem sjóðurinn hefði annars skilað til ríkissjóðs.


Í töflu á næstu síðu má sjá innborganir ríkissjóðs á árunum 2003 og 2002 inn á skuldbindingar sínar við sjóðina ásamt uppfærslu fjárhæðarinnar í árslok.

Á árinu 2003 námu aukagreiðslur ríkissjóðs samtals 8,6 milljörðum kr. en þær voru 10,9 milljarðar árið áður. Á árunum 2003 og 2002 fóru 90% af aukagreiðslunum til B-deildar LSR og 10% til LH. Frá árinu 1999 hefur ríkissjóður samtals greitt 50,2 milljarða kr. inn á skuldbindingar sínar við sjóðina. Í árslok 2003 nam þessi fjárhæð, uppfærð með verðbótum og hreinni raunávöxtun sjóðanna, samtals 60,7 milljörðum kr.

**Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar hjá LSR og LH**



**Innborganir ríkissjóðs - inneign í árslok**



## Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar (í millj. kr.)

	B-deild LSR		Lsj. hjúkrunarfr.		Samtals	
	2003	2002	2003	2002	2003	2002
Inneign í ársbyrjun	40.807,6	30.557,4	4.473,2	3.439,7	45.280,8	33.997,1
Aukaframlög ríkissjóðs	5.982,9	8.100,0	750,0	900,0	6.732,9	9.000,0
Viðbótariðgjöld (A-hluti ríkissjóðs)	1.239,8	1.255,6	151,9	157,9	1.391,8	1.413,5
Viðbót v/grunnskólakennara	472,6	478,5	0,0	0,0	472,6	478,5
Uppfærsla v/vaxta og verðbóta	6.074,6	416,2	733,2	-24,5	6.807,8	391,7
Samtals inneign í árslok	54.577,5	40.807,6	6.108,4	4.473,2	60.685,9	45.280,8


Stjórnir LSR og LH hafa látið tryggingafræðing sjóðanna gera úttekt á fjárhagsstöðu og framtíðarsjóðstreymi þeirra. Slík úttekt hefur verið gerð á tveggja ára fresti undanfarin ár. Við ákvörðun um aukagreiðslur ríkissjóðs til sjóðanna hefur verið höfð hliðsjón af niðurstöðum þessara athugana og hefur framtíðarsjóðstreymið verið endurmetið í kjölfar aukinna greiðslna frá ríkissjóði. Síðasta úttekt fór fram miðað við stöðu sjóðanna í árslok 2002 og tryggingafræðilegar forsendur frá þeim tímamarki. Niðurstöður þeirrar úttektar voru þær að óuppgerði hluti B-deildar LSR hefði tæmst á árinu 2010 og LH á árinu 2018 ef ekki hefðu komið til neinar aukagreiðslur frá ríkissjóði. Samkvæmt úttektinni

hafði ríkissjóði tekist að fresta því að B-deild LSR kæmist í þrot til ársins 2025 og LH til ársins 2029. Var þá gert ráð fyrir 7,5 milljarða kr. aukaframlagi frá ríkissjóði á árunum 2003 til 2004 og að viðbótariðgjöld yrðu greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Í árslok 2003 nam hrein eign B-deildar LSR til greiðslu lífeyris 108,2 milljörðum kr., þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 54,6 milljarðar eða 50,4%. Hrein eign LH í árslok 2003 nam hins vegar 12,9 milljörðum kr., þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 6,1 milljarður eða 47,2%.


## B-deild LSR - hrein eign til greiðslu lífeyris

(í m.kr.)



## B-deild LSR - bakábyrgð ríkissjóðs

(í m.kr.)



**Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda (í millj. kr.)**

	B-deild LSR		Lsj. hjúkrunarfr.		Samtals	
	2003	2002	2003	2002	2003	2002
Óráðstafað viðbótariðgjald frá fyrra ári	424,0	329,5	186,3	141,0	610,3	470,5
Viðbótariðgjöld ársins	173,6	169,3	39,7	46,1	213,3	215,4
Ráðstafað v/uppgjör skuldbindinga	(65,6)	(78,9)	0,0	0,0	(65,6)	(78,9)
Uppfærsla v/vaxta og verðbóta	57,3	4,1	27,7	(0,8)	85,0	3,3
Inneign launagreiðenda í árslok	589,3	424,0	253,7	186,3	843,0	610,3


Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðanna miðað við árslok 2003 var ógreidd bakábyrgð ríkissjóðs í sjóðunum metin 53,9 milljarðar kr. hjá B-deild LSR og 2,7 milljarðar hjá LH. Ef ekki hefði komið til aukagreiðslna frá ríkissjóði hefði bakábyrgð hans í árslok 2003 verið 108,5 milljarðar vegna B-deildar LSR og 8,8 milljarðar vegna LH. Varðandi nánari umfjöllun um bakábyrgð ríkissjóðs og skuldbindingar sjóðanna vísast til umfjöllunar um tryggingafræðilega úttekt framar í skýrslunni og í skýringum með ársreikningum sjóðanna.

í B- og C-hluta ríkissjóðs og sjálfseignarstofnunum, sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, sé skylt að greiða viðbótariðgjald umfram 10% lögbundið iðgjald af dagvinnulaunum til B-deildar LSR og LH. Markmiðið með greiðslu viðbótariðgjalds er að greiðslurnar gangi upp í samtímaskuldbindingu einstakra stofnana gagnvart sjóðunum. Flestar þær stofnanir sem gert hafa upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR greiða viðbótariðgjald sem kemur þá til frádráttar við uppgjör á árlegri skuldbindingu. Viðbótariðgjöld launagreiðenda utan A-hluta ríkissjóðs voru sem segir í töflunni hér að ofan.


**Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda**

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að ríkisstofnunum

**LH - hrein eign til greiðslu lífeyris**



**LH - bakábyrgð ríkissjóðs**



Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 er sameiginlegt rekstrarfélag LSR og LH og voru stöðugildi 31,9 hjá sjóðunum á árinu 2003. Starfsemi Lífeyrissjóða Bankastræti 7 má skipta í sjö meginþætti; eignastýringu, iðgjaldadeild, lífeyrisdeild ásamt framkvæmd eftirmannsreglu, lánadeild, séreignar og kynningarmál, fjárreiðudeild og yfirstjórn.

LSR starfaði á árinu 2003 í fimm fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og séreignardeild. B-deild LSR og LH byggja að hluta til á sjóðsöfnun en ríkissjóður er bakábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðanna. Í þessum tveimur sjóðum miðast réttindi sjóðfélaga við þann tíma sem viðkomandi hefur greitt í sjóðina, ásamt starfshlutfalli. A-deild LSR er hins vegar stigásjóður sem byggir á fullri sjóðsöfnun en þar fá sjóðfélagar réttindi í hlutfalli við þau iðgjöld sem greidd eru til sjóðsins.



## Samstæðuyfirlit LSR og LH

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2003

	A-deild LSR	B-deild LSR	Alþingismanna- deild LSR
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga	1.833.312	882.992	14.812
Iðgjöld launagreiðenda	5.397.167	1.489.099	22.229
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	5.605	(25.618)	0
Lífeyrishækkunir	0	4.163.227	224.557
Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar	0	1.301.187	0
Innb. launagreiðenda inn á skuldbindingar	0	7.803.283	22.231
Iðgjöld alls	7.236.083	15.614.170	283.829
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir	113.915	10.021.038	231.807
Kostnaður vegna örorkumats	197	1.591	0
Lífeyrir alls	114.112	10.022.629	231.807
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Fjárfestingartekjur af hlutabréfum	2.504.537	7.032.395	0
Vaxtatekjur og verðbætur	1.570.057	5.959.479	16.183
Breytingar á niðurfærslu	(5.500)	(8.511)	0
Fjárfestingartekjur alls	4.069.094	12.983.363	16.183
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	33.183	87.422	174
Önnur fjárfestingargjöld	69.869	203.651	24
Fjárfestingargjöld alls	103.052	291.073	198
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	33.285	136.638	3.430
Annar rekstrarkostnaður	3.750	3.750	0
Rekstrarkostnaður alls	37.035	140.388	3.430
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>	11.050.978	18.143.443	64.577
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b>	24.388.716	90.073.707	170.108
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	35.439.694	108.217.150	234.685



Ráðherra- deild LSR	Séreign LSR	LSR samtals	Lsj. hjúkr.- fræðinga	LSR og LH samtals
2.064	405.349	3.138.528	83.637	3.222.165
3.085	244.275	7.155.854	139.594	7.295.448
0	(26.513)	(46.525)	16	(46.509)
35.845	0	4.423.629	293.532	4.717.161
0	0	1.301.187	6.732	1.307.919
4.316	0	7.829.830	941.639	8.771.469
45.310	623.111	23.802.502	1.465.149	25.267.651
36.882	17.771	10.421.413	644.365	11.065.778
0	0	1.788	20	1.808
36.882	17.771	10.423.202	644.385	11.067.587
0	131.296	9.668.229	1.047.123	10.715.352
2.095	130.292	7.678.106	632.160	8.310.266
0	0	(14.011)	(1.000)	(15.011)
2.095	261.588	17.332.324	1.678.283	19.010.607
0	1.106	121.884	12.138	134.022
0	1	273.545	27.754	301.299
0	1.107	395.429	39.892	435.321
881	2.711	176.945	16.713	193.658
0	105	7.605	833	8.438
881	2.816	184.550	17.546	202.096
9.642	863.005	30.131.645	2.441.609	32.573.254
30.689	1.462.733	116.125.953	10.495.948	126.621.901
40.331	2.325.738	146.257.598	12.937.557	159.195.155

## Efnahagsreikningur 31.12.2003

Eignir	A-deild LSR	B-deild LSR	Alþingismanna- deild LSR
<b>Fjárfestingar</b>			
Húseign og lóð	68.677	68.677	0
Verðbréf með breytilegum tekjum	13.038.658	31.047.422	0
Verðbréf með föstum tekjum	14.123.033	58.596.846	0
Veðlán	7.581.394	18.345.747	75.164
Aðrar fjárfestingar	0	4.801	0
Fjárfestingar alls	34.811.763	108.063.492	75.164
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur	150.745	320.235	0
Ýmsar kröfur	108.829	301.702	0
Kröfur alls	259.574	621.937	0
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	8.847	8.847	0
Sjóður og bankareikningar	366.693	0	160.347
Aðrar eignir alls	375.540	8.847	160.347
Eignir samtals	35.446.877	108.694.277	235.511
<b>Skuldir</b>			
<b>Skuldbindingar</b>			
Áfallin lífeyrisskuldbinding	6.369	24.579	322
Skuldbindingar alls	6.369	24.579	322
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir	814	325.367	504
Hlaupareikningsskuld	0	127.181	0
Viðskiptaskuldir alls	814	452.548	504
Skuldir samtals	7.183	477.127	826
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	35.439.694	108.217.150	234.685
<b>Eignir utan efnahagsreiknings</b>			
Krafa á launagreiðendur skv. 33/20. gr.		132.058.538	

Ráðherra- deild LSR	Séreign LSR	LSR samtals	Lsj. hjúkr.- fræðinga	LSR og LH samtals
0	0	137.354	15.262	152.616
0	1.456.978	45.543.058	4.638.024	50.181.082
0	615.230	73.335.109	6.522.876	79.857.985
0	0	26.002.305	1.657.168	27.659.473
0	207.926	212.727	0	212.727
0	2.280.133	145.230.552	12.833.329	158.063.881
0	0	470.980	100.227	571.207
0	13.383	423.914	42.633	466.547
0	13.383	894.894	142.859	1.037.753
0	0	17.695	1.966	19.661
40.386	33.429	600.855	0	600.855
40.386	33.429	618.550	1.966	620.516
40.386	2.326.946	146.743.997	12.978.154	159.722.151
56	0	31.326	2.867	34.193
56	0	31.326	2.867	34.193
0	1.208	327.892	626	328.518
0	0	127.181	37.104	164.285
0	1.208	455.073	37.730	492.803
56	1.208	486.399	40.597	526.996
40.331	2.325.738	146.257.598	12.937.557	159.195.155
		132.058.538	17.141.654	149.200.192

## Sjóðstreymi fyrir árið 2003

	A-deild LSR	B-deild LSR	Alþingismanna- deild LSR
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld	7.242.793	15.626.930	283.515
Fjárfestingartekjur	836.206	3.090.405	11.658
Afborganir verðbréfa	1.641.013	6.669.755	2.791
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	6.458.528	22.411.292	0
Seld verðbréf með föstum tekjum	1.663.950	6.059.290	0
Aðrar inngreiðslur	0	127.181	0
Inngreiðslur alls	17.842.489	53.984.853	297.964
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir	113.829	9.997.550	231.807
Fjárfestingargjöld	37.999	94.580	198
Rekstrarkostnaður án afskrifta	32.465	124.327	3.357
Aðrar útgreiðslur	28.058	28.058	0
Útgreiðslur alls	212.351	10.244.514	235.362
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarra fjárfestinga	17.630.138	43.740.339	62.602
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	10.208.455	26.066.784	0
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	6.099.292	15.450.895	0
Ný veðlán og útlán	1.319.679	2.457.887	16.830
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.634	1.634	0
Ráðstöfun alls	17.629.061	43.977.201	16.830
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.078	(236.863)	45.772
Handbært fé í ársbyrjun	365.615	236.863	114.575
Handbært fé í árslok	366.693	0	160.347

Ráðherra- deild LSR	Séreign LSR	LSR samtals	Lsj. hjúkr.- fræðinga	LSR og LH samtals
45.310	623.236	23.821.784	1.442.847	25.264.631
2.095	191.284	4.131.647	437.751	4.569.398
0	45.440	8.358.999	935.218	9.294.217
0	1.241.915	30.111.734	3.148.347	33.260.081
0	0	7.723.240	571.824	8.295.064
0	0	127.181	35.926	163.107
47.405	2.101.875	74.274.585	6.571.913	80.846.498
36.882	16.648	10.396.716	643.882	11.040.598
0	1.107	133.884	13.229	147.113
866	2.816	163.832	16.634	180.466
0	0	56.115	6.235	62.350
37.749	20.571	10.750.547	679.980	11.430.527
9.656	2.081.303	63.524.038	5.891.932	69.415.970
0	755.022	37.030.262	3.753.830	40.784.092
0	1.210.839	22.761.027	1.900.484	24.661.511
0	128.571	3.922.967	237.256	4.160.223
0	0	3.269	363	3.632
0	2.094.433	63.717.525	5.891.932	69.609.457
9.656	(13.129)	(193.486)	0	(193.486)
30.730	46.559	794.342	0	794.342
40.386	33.429	600.855	0	600.855

Samanlögð fjárhæð lífeyrisgreiðslna úr öllum deildum LSR og LH nam 11,1 milljarði króna á árinu 2003 og jukust þær um 13,9% milli ára. Meðalfjöldi lífeyrisþega á árinu 2003 var 9.341 og fjölgaði þeim um 5,8% milli ára.

Samkvæmt samantekt Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2002 námu lífeyrisgreiðslur allra lífeyrissjóðanna á Íslandi 26,0 milljörðum króna en meðalfjöldi lífeyrisþega var 55.686. Lífeyrisgreiðslur LSR og LH á árinu 2002 námu 9,7 milljörðum króna og var meðalfjöldi lífeyrisþega 8.826. Hlutdeild LSR og LH á árinu 2002 var samkvæmt þessu 37,4% af fjárhæð lífeyrisgreiðslna og 15,8% af meðalfjölda lífeyrisþega.



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins  
Ársreikningur 2003

## Skýrsla stjórnar

### Iðgjöld

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er starfræktur í 5 fjárhagslega sjálfstæðum deildum: A-deild, B-deild, alþingismannadeild (Lsj. alþingismanna), ráðherradeild (Lsj. ráðherra) og séreignardeild (Séreign LSR). Alls greiddu 34.254 sjóðfélagar iðgjald til LSR á árinu 2003 og fjölgaði þeim um 1,4% milli ára. Þar af greiða sumir sjóðfélagar til fleiri en einnar deildar, t.d. vegna séreignarsparnaðar. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 29.706 og fjölgaði þeim um 2,4% milli ára. Virkum sjóðfélögum hjá A-deild fjölgaði um 7,8% en þeim fækkaði aftur á móti um 5,9% hjá B-deild. Ef A- og B-deildir eru lagðar saman fjölgaði virkum sjóðfélögum um 2,8% í heildina milli ára. Virkir sjóðfélagar Séreignar LSR voru 3.478 á árinu 2003 sem er svipaður fjöldi og árið áður.

Lögbundin iðgjöld ársins, ásamt réttindaflutningum og endurgreiðslum, námu 10.248 millj. kr. og hækkuðu um 9,5% milli ára. Tæplega 71% af iðgjaldagreiðslum ársins 2003 fór til A-deildar sjóðsins, en iðgjöld A-deildar jukust um 13,6% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til B-deildar námu 2.346 millj. kr. á síðasta ári og stóðu í stað milli ára þrjú fyrir fækkun greiðandi sjóðfélaga. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR námu tæpum 623 millj. kr. á síðasta ári og hækkuðu um 1,4% milli ára.

Í árslok 2003 áttu 31.402 sjóðfélagar skráð réttindi hjá A-deild sjóðsins og 40.314 hjá B-deild. Rétthafar hjá Séreign LSR voru 4.514 í árslok.

### Innborganir ríkissjóðs og uppgjör skuldbindinga gangvart B-deild

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við B-deild námu 8.446 millj. kr. á árinu 2003, þar af var 751 milljón ráðstafað til uppgjors á skuldbindingum ríkisstofnana. Innborganir ríkissjóðs námu 9.834 millj. kr. á árinu 2002. Innborganir annarra launagreiðenda í formi viðbótariðgjalda námu 107 millj. kr. á árinu 2003, en voru 90 millj. kr. árið áður.

Innborganir ríkissjóðs eru uppfærðar árlega og mynda inneign hjá sjóðnum sem kemur til frádráttar á skuldbindingum. Innborganir hans hafa engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjors á þeim. Með aukagreiðslum til sjóðsins er ríkissjóður að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum til lengri tíma en ríkissjóður er bakábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins. Inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna nam 54.578 millj. kr. í árslok 2003 og jókst hún um 13.770 milljónir milli ára.

Uppgjör annarra launagreiðenda á lífeyrisskuldbindingum sínum gagnvart B-deild námu 550 millj. kr. á árinu 2003. Þar af voru 282 millj. kr. vegna réttinda sem bættust við á árinu 2003.

### Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur LSR voru 10.421 millj. kr. á árinu 2003 og hækkuðu um 14% milli ára. Þar af var 10.021 millj. kr. greidd úr B-deild eða rúmlega 96%. Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 114 millj. kr. í stað 77 millj. kr. á árinu 2002. Úr alþingismannadeild voru greiddar 232 millj. kr., ráðherradeild 37 millj. kr. og séreignardeild 18 millj. kr. Alls fengu 10.114 einstaklingar greiddan lífeyri hjá deildum LSR á árinu en lífeyrisþegum fjölgaði um 6,5% milli ára. Endurgreiðslur launagreiðenda vegna lífeyrishækkana námu 4.424 millj. kr. á árinu og hækkuðu um 7% milli ára. Þar af voru 4.163 millj. kr. greiddar til B-deildar.

Hækkun á lífeyrisgreiðslum má rekja til hækkunar á dagvinnulaunum og fjölgunar lífeyrisþega. Vísitala, sem mælir breytingu á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna og reiknuð er út af Hagstofu Íslands, hækkaði um 4,7% á árinu 2003.

### Fjárfestingar

Fjárfestingar LSR, að teknu tilliti til seldra verðbréfa, námu 25,8 milljörðum kr. á árinu 2003, þar af voru 60% fjárfestingar úr B-deild sjóðsins. Fjárfestingar LSR á árinu skiptust þannig að 70% fóru til fjárfestingar í skuldabréfum og 30% í hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Sala á innlendum hlutabréfum umfram kaup nam



2,4 milljörðum kr. en kaup á erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum námu 10,1 milljarði eða 39% af fjárfestingum ársins. Af fjárfestingum ársins námu sjóðfélagalán 3,8 milljörðum kr., þar af voru 2,5 milljarðar úr B-deild og 1,3 milljarðar úr A-deild. Sjóðfélagalán námu 16% af fjárfestingum B-deildar en 14% hjá A-deild.

#### Ávöxtun

Ávöxtun LSR var með besta móti á síðasta ári eftir 3 erfið ár þar á undan. Hrein raunávöxtun sjóðsins, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 10,6% á árinu 2003 samanborið við 1,4% neikvæða ávöxtun árið áður. Viðsnúning í ávöxtun má rekja til góðrar ávöxtunar á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Sveiflur í ávöxtun sjóðsins hafa verið miklar undanfarin 5 ár en meðaltal hreinnar raunávöxtunar yfir þann tíma er 3,7%, en sé horft til síðustu 10 ára er hún 4,6%.

Hrein raunávöxtun A-deildar var 11,0% á árinu 2003, en var -3,5% árið á undan. Hrein raunávöxtun B-deildar var 10,5% á árinu 2003, en var -0,8% árið á undan. Ólík eignasamsetning skýrir mismunandi ávöxtun deildanna. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar B-deildar síðustu 10 ár er 4,7%, en samsvarandi ávöxtun A-deildar frá stofnun er 3,9%.

Ávöxtun Séreignar LSR var breytileg milli fjárfestingarleiða. Fjárfestingarstefna leiðanna þriggja gerir ráð fyrir mismunandi vægi hlutabréfa og sveiflast ávöxtun þeirra þar af leiðandi mismikið. Hrein raunávöxtun leiðar I á árinu 2003 var 12,9%, en ávöxtun leiðar II var 9,0%. Leið III, sem er bundinn innlánsreikningur, var með 7,0% hreina raunávöxtun.

Á árinu 2003 var raunávöxtun innlendra skuldabréfa LSR 5,5%, innlendra hlutabréfa 38,9% og erlendra hlutabréfa 17,1%, reiknað í íslenskum krónum, að teknu tilliti til gjaldmiðlaskiptasamninga.

Í árslok 2003 voru hlutabréf 31% af verðbréfaeign LSR, en hlutfallið var 25% árið áður. Hlutabréf námu 38% af verðbréfaeign A-deildar í árslok, en samsvarandi hlutfall hjá B-deild nam 31%. Verðbréfaeign LSR skiptist þannig að 80% eru í íslenskum krónum og 20% eru í erlendum gjaldmiðlum. Stefnt er að sams konar eignasamsetningu A- og B-deildar í árslok 2012.

#### Rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld

Á árinu 2003 nam rekstrarkostnaður LSR 184,5 millj. kr. en var 138,8 millj. kr. árið áður. Hækkunin milli ára er 33% og skýrist meðal annars af auknu umfangi við rekstur sjóðsins, fjölgun stöðugilda og vinnu við innleiðingu á nýjum tölvukerfum. Sú vinna mun standa yfir fram á árið 2005. Rekstrarkostnaður nam 0,14% af eignum sjóðsins árið 2003 en var 0,13% af eignum árið á undan.

Fjárfestingargjöld ársins 2003 námu 395 millj. kr. Á meðal annarra fjárfestingargjalda er bókfærður umsýslu- og viðskiptakostnaður vegna erlendra sérgreindra hlutabréfasafna og viðskiptakostnaður vegna innlendra hlutabréfaviðskipta á árinu 2003. Umsýslu- og viðskiptakostnaður á árinu 2003 nam 252,9 millj. kr. og er 64% af fjárfestingargjöldum ársins. Hækkun fjárfestingargjalda á árinu 2003 má rekja til aukins umfangs við eignaumsýslu og aukinnar veltu verðbréfa.

Samanlögð rekstrar- og fjárfestingargjöld voru 580 millj. kr., en sé horft framhjá umsýslu- og viðskiptakostnaði vegna hlutabréfa á árinu 2003 voru þau 327,1 millj. kr. og hækkuðu um 22,3% milli ára.

**Tryggingafræðileg úttekt og hrein eign til greiðslu lífeyris****A-deild LSR**

Áfallin skuldbinding A-deildar í árslok 2003 var 28,1 milljarður kr. miðað við 3,5% ávöxtun á eignum sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Hrein eign A-deildar til greiðslu lífeyris í árslok 2003 nam 35,4 milljörðum kr. en var 24,4 milljarðar í árslok 2002. Endurmetnar eignir A-deildar í árslok 2003 voru 37,9 milljarðar kr. eða 34,8% umfram skuldbindingar. Heildarstaða A-deildar, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og vinni sér inn réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 4,1 milljarð kr. eða 2,8% lægri en heildarskuldbindingar hans. Framlag launagreiðenda til A-deildar er nú 11,5% af heildarlaunum og er það breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins en miðað er við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldahlutfall launagreiðenda skal endurskoða árlega. Þar sem heildarstaða A-deildar er enn innan skilgreindra marka verður framlag launagreiðenda áfram óbreytt.

**B-deild LSR**

Áfallin skuldbinding B-deildar í árslok 2003 var 304,1 milljarður kr. miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkunar, sem jafngildir 3,5% ávöxtun umfram vísitölu neysluverðs, og hækkaði hún um 6,2% á árinu. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga eiga launagreiðendur að standa undir 132,1 milljarði kr. af skuldbindingum B-deildar með greiðslu lífeyrishækkana. Skuldbindingar sem sjóðurinn á sjálfur að standa undir eru því 172 milljarðar kr. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 108,2 milljarðar kr., en var 90,1 milljarður í árslok 2002, sem er 10,9% hækkun milli ára.

Eins og fram kom í umfjöllun um iðgjöld hér að framan hefur ríkissjóður undanfarin 5 ár greitt aukaiðgjöld inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn. Í árslok 2003 námu uppfærðar greiðslur ríkissjóðs 54,6 milljörðum kr. og innborganir annarra launagreiðenda 589 milljónum.

**Alþingismanna- og ráðherradeild**

Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs alþingismanna var 5.537 millj. kr. í árslok 2003 og hækkaði um 32,3% á árinu miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkunar. Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs ráðherra var 1.132 millj. kr. í árslok 2003 og hækkaði um 28,3% á árinu miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkunar. Sjóðirnir höfðu fram til ársins 1999 verið reknir sem gegnumstreymissjóðir og var eignamyndunin undanfarin 5 ár sem hlutfall af skuldbindingum óveruleg. Með lögum nr. 141/2003 sem tóku gildi 1. janúar 2004 voru sjóðirnir lagðir niður í núverandi mynd og er ábyrgð á greiðslu eftirlauna til alþingismanna og ráðherra hjá ríkissjóði.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins og eftirfarandi deilda hans fyrir árið 2003 með undirskrift sinni: A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og Séreign LSR.

Reykjavík, 30. apríl 2004

Marianna Jónasdóttir  
stjórnarformaður

Birna Lárusdóttir

Eiríkur Jónsson

Gunnar Björnsson

Páll Halldórsson

Sigrún V. Ásgeirsdóttir

Trausti Hermannsson

Ögmundur Jónasson

Framkvæmdastjóri:  
Haukur Hafsteinsson

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og séreignardeild, fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1–19. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 30. apríl 2004

Sigurður Þórðarson,  
ríkisendurskoðandi

Grétar B. Guðjónsson

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2003

	Skýr.	Samtals LSR		A-deild	
		2003	2002	2003	2002
<b>Iðgjöld</b>					
Iðgjöld sjóðfélaga		3.138.528	2.925.534	1.833.312	1.643.716
Iðgjöld launagreiðenda		7.155.854	6.449.863	5.397.167	4.725.682
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(46.525)	(13.816)	5.605	1.234
Lífeyrishækkningar		4.423.629	4.133.107	0	0
Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar	6	1.301.187	407.432	0	0
Innb. launagreiðenda inn á skuldbindingar	7	7.829.830	9.944.005	0	0
Iðgjöld alls		23.802.502	23.846.124	7.236.083	6.370.632
<b>Lífeyrir</b>					
Lífeyrir	8	10.421.413	9.141.003	113.915	77.003
Kostnaður vegna örorkumats		1.788	1.326	197	67
Lífeyrir alls		10.423.202	9.142.329	114.112	77.070
<b>Fjárfestingartekjur</b>					
Fjárfestingartekjur af hlutabréfum	9	9.668.229	(5.547.235)	2.504.537	(1.427.785)
Vaxtatekjur og verðbætur	10	7.678.106	6.630.706	1.570.057	1.207.560
Breytingar á niðurfærslu	4	(14.011)	(13.918)	(5.500)	(8.000)
Fjárfestingartekjur alls		17.332.324	1.069.554	4.069.094	(228.225)
<b>Fjárfestingargjöld</b>					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		121.884	112.593	33.183	28.318
Önnur fjárfestingargjöld	5	273.545	176.563	69.869	51.499
Fjárfestingargjöld alls		395.429	289.155	103.052	79.817
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		176.945	130.712	33.285	22.748
Annar rekstrarkostnaður		7.605	8.070	3.750	4.035
Rekstrarkostnaður alls		184.550	138.782	37.035	26.783
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>		30.131.645	15.345.411	11.050.978	5.958.736
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b>		116.125.953	100.780.542	24.388.716	18.429.979
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>		146.257.598	116.125.953	35.439.694	24.388.716

B-deild		Alþingismannadeild		Ráðherradeild		Séreign LSR	
2003	2002	2003	2002	2003	2002	2003	2002
882.992	870.005	14.812	10.775	2.064	1.673	405.349	399.366
1.489.099	1.467.197	22.229	16.162	3.085	2.510	244.275	238.312
(25.618)	7.921	0	0	35.845	30.460	(26.513)	(22.972)
4.163.227	3.913.773	224.557	188.874	0	0	0	0
1.301.187	407.432	0	0	0	0	0	0
7.803.283	9.924.479	22.231	16.454	4.316	3.071	0	0
15.614.170	16.590.808	283.829	232.264	45.310	37.714	623.111	614.706
10.021.038	8.820.811	231.807	195.540	36.882	30.386	17.771	17.264
1.591	1.258	0	0	0	0	0	0
10.022.629	8.822.069	231.807	195.540	36.882	30.386	17.771	17.264
7.032.395	(3.963.415)	0	0	0	0	131.296	(156.034)
5.959.479	5.339.144	16.183	14.315	2.095	2.667	130.292	67.020
(8.511)	(5.918)	0	0	0	0	0	0
12.983.363	1.369.811	16.183	14.315	2.095	2.667	261.588	(89.014)
87.422	84.067	174	208	0	0	1.106	0
203.651	125.004	24	25	0	0	1	34
291.073	209.071	198	233	0	0	1.107	34
136.638	104.662	3.430	2.419	881	495	2.711	388
3.750	4.035	0	0	0	0	105	0
140.388	108.697	3.430	2.419	881	495	2.816	388
18.143.443	8.820.781	64.577	48.388	9.642	9.499	863.005	508.006
90.073.707	81.252.926	170.108	121.720	30.689	21.190	1.462.733	954.727
108.217.150	90.073.707	234.685	170.108	40.331	30.689	2.325.738	1.462.733

## Efnahagsreikningur 31.12.2003

Eignir	Skýr.	Samtals LSR		A-deild	
		2003	2002	2003	2002
<b>Fjárfestingar</b>					
Húseign og lóð	3,11	137.354	139.615	68.677	69.808
Verðbréf með breytilegum tekjum	12	45.543.058	29.348.048	13.038.658	7.088.366
Verðbréf með föstum tekjum	13	73.335.109	60.564.258	14.123.033	9.749.992
Veðlán	13	26.002.305	24.240.689	7.581.394	6.766.651
Aðrar fjárfestingar		212.727	90.175	0	0
Fjárfestingar alls		145.230.552	114.382.786	34.811.763	23.674.816
<b>Kröfur</b>					
Kröfur á launagreiðendur	14	470.980	490.560	150.745	157.012
Ýmsar kröfur		423.914	802.419	108.829	215.592
Kröfur alls		894.894	1.292.979	259.574	372.604
<b>Aðrar eignir</b>					
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	3,11	17.695	19.664	8.847	9.832
Sjóður og bankareikningar		600.855	794.342	366.693	365.615
Aðrar eignir alls		618.550	814.006	375.540	375.447
Eignir samtals		146.743.997	116.489.770	35.446.877	24.422.868
<b>Skuldir</b>					
<b>Skuldbindingar</b>					
Áfallin lífeyrisskuldbinding		31.326	23.454	6.369	4.494
Bankar og fjármálastofnanir		0	0	0	0
Skuldbindingar alls		31.326	23.454	6.369	4.494
<b>Viðskiptaskuldir</b>					
Skuldabréfalán	15	0	56.168	0	28.084
Aðrar skuldir	16	327.892	284.196	814	1.574
Hlaupareikningsskuldir		127.181	0	0	0
Viðskiptaskuldir alls		455.073	340.363	814	29.658
Skuldir samtals		486.399	363.818	7.183	34.152
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>		146.257.598	116.125.953	35.439.694	24.388.716
<b>Eignir utan efnahagsreiknings</b>					
Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. laga nr. 1/1997	18,19	132.058.538	133.833.268		

B-deild		Alþingismannadeild		Ráðherradeild		Séreign LSR	
2003	2002	2003	2002	2003	2002	2003	2002
68.677	69.808	0	0	0	0	0	0
31.047.422	21.236.659	0	0	0	0	1.456.978	1.023.024
58.596.846	50.500.384	0	0	0	0	615.230	313.882
18.345.747	17.417.439	75.164	56.599	0	0	0	0
4.801	10.821	0	0	0	0	207.926	79.354
108.063.492	89.235.110	75.164	56.599	0	0	2.280.133	1.416.260
320.235	333.548	0	0	0	0	0	0
301.702	586.759	0	0	0	0	13.383	67
621.937	920.308	0	0	0	0	13.383	67
8.847	9.832	0	0	0	0	0	0
0	236.863	160.347	114.575	40.386	30.730	33.429	46.559
8.847	246.695	160.347	114.575	40.386	30.730	33.429	46.559
108.694.277	90.402.112	235.511	171.174	40.386	30.730	2.326.946	1.462.886
24.579	18.672	322	247	56	41	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0
24.579	18.672	322	247	56	41	0	0
0	28.084	0	0	0	0	0	0
325.367	281.649	504	820	0	0	1.208	153
127.181	0	0	0	0	0	0	0
452.548	309.733	504	820	0	0	1.208	153
477.127	328.405	826	1.066	56	41	1.208	153
108.217.150	90.073.707	234.685	170.108	40.331	30.689	2.325.738	1.462.733
132.058.538	133.833.268						

## Sjóðstreymi árið 2003

	Samtals LSR		A-deild	
	2003	2002	2003	2002
<b>Inngreiðslur</b>				
lögjöld	23.821.784	23.778.232	7.242.793	6.334.243
Fjárfestingartekjur	4.131.647	5.415.796	836.206	820.295
Afborganir verðbréfa	8.358.999	3.807.795	1.641.013	912.494
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	30.111.734	11.952.110	6.458.528	2.477.822
Seld verðbréf með föstum tekjum	7.723.240	4.258.832	1.663.950	370.072
Tekið hlaupareikningslán	127.181	0	0	0
Inngreiðslur alls	74.274.585	49.212.765	17.842.489	10.914.926
<b>Útgreiðslur</b>				
Lífeyrir	10.396.716	9.132.368	113.829	77.035
Fjárfestingargjöld	133.884	122.358	37.999	33.250
Rekstrarkostnaður án afskrifta	163.832	98.811	32.465	23.021
Aðrar útgreiðslur	56.115	1.904	28.058	0
Útgreiðslur alls	10.750.547	9.355.441	212.351	133.306
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarra fjárfestinga	63.524.038	39.857.324	17.630.138	10.781.621
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>				
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	37.030.262	21.724.270	10.208.455	5.014.944
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	22.761.027	13.400.938	6.099.292	4.483.700
Ný veðlán og útlán	3.922.967	4.529.357	1.319.679	1.186.828
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.269	14.157	1.634	4.369
Ráðstöfun alls	63.717.525	39.668.723	17.629.061	10.689.842
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(193.486)	188.601	1.078	91.779
Handbært fé í ársbyrjun	794.342	605.741	365.615	273.837
Handbært fé í árslok	600.855	794.342	366.693	365.615



B-deild		Alþingismannadeild		Ráðherradeild		Séreign LSR	
2003	2002	2003	2002	2003	2002	2003	2002
15.626.930	16.558.593	283.515	233.017	45.310	37.673	623.236	614.706
3.090.405	4.563.674	11.658	12.976	2.095	2.667	191.284	16.185
6.669.755	2.871.198	2.791	3.120	0	0	45.440	20.983
22.411.292	7.724.386	0	0	0	0	1.241.915	1.749.902
6.059.290	3.888.760	0	0	0	0	0	0
127.181	0	0	0	0	0	0	0
53.984.853	35.606.610	297.964	249.113	47.405	40.340	2.101.875	2.401.775
